# Formáli

Þetta er í sjötta skipti sem sameiginleg hrútaskrá beggja sauðfjársæðingastöðvanna kemur út á þessu formi og nýtur ritið sífellt meiri vinsælda meða sauðfjárræktenda.

Mikil endurnýjun hefur orðið á hrútakosti stöðvanna en val hrúta á stöðvarnar verður stöðugt markvissara og betra með auknum upplýsingum úr afkvæmarannsóknum, skýrsluhaldi og kjötmati. Með auknum kröfum sauðfjárræktenda er eðlilegt að endurnýjun hrútanna verði ör enda eru framfarir miklar og því standast eldri hrútar þeim yngri ekki snúning hvað kjötgæði varðar nema um skamma hríð. Hins vegar er áhyggjuefni hversu mjög þrengir að þeim svæðum þar sem taka má hrúta á vegna sauðfjársjúkdómavarna.

Sem fyrr er kappkostað að bjóða þá bestu mögulegu valkosti sem hægt er á hverjum tíma og er leitast við að koma til móts við sem flest viðhorf í þeim efnum. Í vetur er að finna í hrútakosti stöðvanna góða valkosti hvað kjöt- og ullargæði varðar auk þess sem á stöðvunum eru mislitir hrútar, ullarhrútar og forystuhrútar.

Hrútaskráin er að mestu óbreytt frá fyrra ári hvað framsetningu efnis varðar. Niðurstöður eru settar fram á töfluformi eftir því sem kostur er. Haldið er þeirri nýbreytni sem byrjað var í s.l. ár að í miðopnu skráarinnar er að finna samantekt úr lambhrútaskoðun 2004 og kynbótamat fyrir alla þá hrúta sem voru í notkun s.l. vetur og eins þá sem koma nýir á stöð. Eins eru birtar förgunarástæður þeirra hrúta sem fallnir eru frá síðasta ári.

Áfram er haldið á þeirri braut að birta bæði lambs- og veturgamlan dóm hrútanna séu þeir fyrir hendi.

Niðurstöður kjötmats og kynbótamat fyrir gerð er sett í töflu. Rétt er að taka fram að þegar átt er við gerð er verið að ræða um vaxtarlagsflokkun í sláturhúsi. Kynbótamat fyrir gerð og fitu er birt, sjá skýringar annars staðar í ritinu. Þá verður að lesa varlega úr tölum varðandi fitumat og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

Margir hafa komið að útgáfu þessa rits. Lýsingar hrúta í skránni hafa Guðmundur Jóhannesson, Jón Viðar Jónmundsson og Lárus G. Birgisson samið. Ullarlýsingar eru unnar af Emmu Eyþórsdóttur og Kristni Arnþórssyni. Myndir af hrútunum tóku þau Eiríkur Blöndal, Guðmundur Jóhannesson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Lárus G. Birgisson, Ólafur G. Vagnsson og Sveinn Sigurmundsson. Greinar rituðu Jón Viðar Jónmundsson og Þorsteinn Ólafsson. Gagnasöfnun fyrir hrútakost stöðvanna var að mestu unnin af Jóni Viðari Jónmundssyni sem að venju er óþreytandi í óeigingjörnu starfi sínu í þágu sauðfjárræktarinnar. Auglýsingasöfnun var að mestu í höndum Guðmundar Jóhannessonar, Oddnýjar K. Guðmundsdóttur og Ólafs G. Vagnssonar. Þessum aðilum er öllum þakkað gott starf.

Hrútaskrár stöðvanna er einnig að finna á heimasíðum Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is, Búnaðarsamtaka Vesturlands, www.buvest.is og Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is, svo sem verið hefur. Þar er að finna sambærilegar upplýsingar og í þessu riti.

Það er von okkar sem að skránni unnu að hún verði sauðfjárræktendum og öðrum áhugamönnum um sauðfjárrækt góður stuðningur við hrútaval í vetur og stuðli að auknum framförum í greininni.

**Guðmundur Jóhannesson, ritstjóri**


Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Sauðfjárbændur
Framleiðum Kraftblöndu og Loðnuköggla fyrir sauðfé.
Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.

Bústólpi ehf. Sími 460 3352



Forsíðumynd: Í réttum.
Ljósm. © Sveinbjörg Sveinsdóttir.

*ISSN 1608-084X*
*Prentsmiðja Suðurlands ehf., nóv. 2004.*



# Gæði í hverri gjöf



## Gott kjarnfóður er undirstaða arðbærrar framleiðslu búfjár!

- Kúafóður
- Fuglafóður
- Hestafóður
- Svínafóður
- Hundafóður
- Kanínufóður
- Refafóður
- Minkafóður
- Fiskafóður

Kjarnfóður frá Fóðurblöndunni er úr völdum hráefnum og framleitt sérstaklega fyrir íslenskan markað. Við vinnum stöðugt að rannsóknum, þróun og endurbótum á fóðurvörum og sérfræðingar fyrirtækisins gefa góð ráð um allt sem varðar fóðrun búfjár.

**Hafið samband við okkur og fáið upplýsingar um kjarnfóður, fóðursölt og fóðurblokkir.**

FÓÐURBLANDAN
- gæði í hverri gjöf

Korngarðar 12 | 104 Reykjavík | Sími: 570 9800 | www.fodur.is

# Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á hrútasæði frá stöðinni hefst 3. desember og stendur til 21. desember. Sæðispantanir þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í síma 482 1920. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 480 1800, eða hjá Sveini Sigurmundssyni í síma 480 1801 og 894 7146. Fax er 480 1818. Netfang er sveinn@bssl.is og vefsíða er www.bssl.is og þar má finna hrútaskrána. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og eðlilegt að þær fari í gegnum búnaðarsamböndin. Skipulag sem og önnur framkvæmd verður með hefðbundnum hætti.

**1. Verð á sæði.** Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr. 300. Fjárræktarfélög og eða búnaðarsambönd sem sjá um pantanir og uppgjör heimafyrir greiða 285 kr. fyrir sæðisskammtinn. Verð á samstillingarsvömpum miðað við 20 svampa í pakkningu eru 336 kr. á stykki. Verð á sæðingu fyrir utan akstur gæti verið á bilinu 150 kr. til 180 kr. á kind. Öll verð eru án vsk. Gera skal upp fyrir jól og í allra síðasta lagi fyrir áramót.

**2. Skipulag sæðinga**. Lágsveitir verða fyrstu 4 dagana, Vestur-Skaftafellssýsla fyrir austan sand og hluti Rangárvallasýslu næstu 4 daga og að lokum uppsveitir Árnessýslu. Fyrstu dagana er álag á hrútana alla jafnan lítið og því auðveldara að sinna séróskum.

A. Frá 9.-12. des. Mýrdalur, Eyjafjöll, Landeyjar, Hvolhreppur, Djúpárhreppur, Ásahreppur, og Flói.

B. Frá 13.-16. des. Vestur-Skaftafellssýsla fyrir austan sand, Fljótshlíð, Rangárvellir og Holta og Landsveit. Hrútasæði utan Suðurlands verður ekki afgreitt 13.-15. des.

C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnessýslu og vestan Ölfusár.

**3. Sæðinganámskeið.** Námskeið fyrir sauðfjársæðingamenn verður haldið þann 7. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.30. Reyndir sæðingamenn eru velkomnir.




Á meðfylgjandi súluriti um sæðingar sauðfjár má sjá að heildar-þátttaka er yfir 15.000 ær sæddar síðasta ár. Ær sæddar með fersku sæði voru 13.483. Þar af rúmur helmingur utan Suðurlands og undirstrikar að stöðin starfar á landsvísu en ekki héraðabundið eins og áður. Tæplega 300 skammtar voru fluttir út til vesturheims en alls hafa verið fluttir út 3.183 skammtar af frystu hrútasæði þau 7 ár sem liðin eru frá því að útflutningur hófst. Þá voru sæddar 1.271 ær með frystu hrútasæði hér á landi. Árangur varð þokkalegur og gefur tilefni til áframhaldandi notkunar á því. Nú í haust hafa pantanir af djúpfrystu sæði í 3.500 ær borist og verða 10 frystikútar í umferð.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.

**Sveinn Sigurmundsson**

# Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðar-samtökum Vesturlands (BV). Útsending sæðis frá stöðinni mun byrja 2. desember og standa til 22. desember, þó ekki sunnudagana 5., 12., og 19.

Dreifing sæðis og dagsetning sæðinga eru ákveðin í samráði við ráðunauta viðkomandi svæða sem sjá síðan um frekari kynningu, hver á sínu starfssvæði. Djúpfryst sæði verður notað á ákveðnum svæðum og því eðlilega minni notkun á fersku sæði þar.

BV munu ekki verða með umsýslu á samstillingarsvömpum og ísetningu þeirra. Þeir sem vilja nota slíkt á starfssvæðinu verða að snúa sér beint til dýralækna.

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða í síðasta lagi að berast fyrir kl. 14:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu í síma 437-1215 hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands, fax 437-2015 eða net-fang bv@bondi.is. Nauðsynlegt er að hrútar til vara séu einnig nefndir. Reynslan hefur sýnt að sumir hrútar njóta þvílíkra vinsælda að pantanir á sæðisskömmtum úr þeim geta orðið allt að tvö- eða þrefalt það sem hrúturinn gefur þann daginn. Ljóst er að í slíkum til-fellum er vonlaust að afgreiða sæði svo öllum líki, því er nauðsyn-legt að panta varahrúta eins og áður var nefnt. Hrútaval á stöðvunum er orðið það gott að skynsamlegt er að dreifa notkun á nokkra hrúta, sæða jafnvel meira og fá meira úrval. Stundum passa hrútar misvel í hjarðir og því betra að dreifa notkun af þeirri ástæðu einnig. Vinnureglur á Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands eru þær að þau svæði sem hafa forgang viðkomandi dag njóta forgangs á vinsælustu hrútana í sama hlutfalli og pantanir viðkomandi svæðis eru í heildar-pöntun dagsins.

Ef séð er að nýting verði léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það til skrifstofu BV., fyrir kl. 9 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum.

**Gjaldskrá fyrir sæði og sæðingar verður með tvennum hætti:**

1. **Sæðingamenn á vegum BV.** Innheimt verður 0,22 klst. fyrir hverja sæðingu og er þá sæði, akstur, efni og vinna innifalin. Gjaldskráin er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| **Bændur í búnaðarfélögum** | **2.800 kr./klst.** |
| **Bændur utan búnaðarfélaga** | **3.200 kr./klst.** |
| **Ekki bændur** | **6.000 kr./klst.** |

∗ Þannig er t.d. gjald fyrir hverja sæðingu 0,22 * 2800 = 616 kr. án vsk., fyrir þá sem eru í búnaðarfélögum.

2. Sæði selt beint frá stöð eða hjá sæðingamönnum BV. Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverj-um skammti er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| **Bændur í búnaðarfélögum** | **285 kr./sk.** |
| **Bændur utan búnaðarfélaga** | **325 kr./sk.** |
| **Ekki bændur** | **610 kr./sk.** |

∗ Allt verð er án vsk. Ef búnaðarsambönd eða fjárræktarfélög taka sjálf að sér að sjá um móttöku pantana, innheimtu fyrir sæðið og skil í einu lagi til BV., fá þau sæðið á besta verði.

∗ Af góðri reynslu er gert ráð fyrir að allar pantanir og innheimta fari í gegnum búnaðarsamböndin á hverju svæði og þau njóti þar með bestu kjara.

**Búnaðarsamtök Vesturlands**

BÚAÐFÖNG

ÁBURÐUR
RÚLLUPLAST
RÚLLUNET
BINDIGARN
VÍTABÆTIR
SPÆNIR

BÚAÐFÖNG

STERKT SUNNLENSKT FYRIRTÆKI

BÚAÐFÖNG - STÓRÓLFSVÖLLUM - 861 HVOLSVÖLLUR
SÍMI: 487 8888 - FAX: 487 8889 - NETFANG: bu@bu.is

Jón Viðar Jónmundsson:

# Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2004

Skipulegar afkvæmarannsóknir fyrir sauðfjársæðingastöðvarnar voru unnar á nokkrum stöðum á landinu haustið 2004. Reynslan hefur sýnt að slíkar rannsóknir skila stöðvunum öruggari dómi um nýja hrúta en aðrar leiðir sem notaðar hafa verið við val hrúta fyrir stöðvarnar. Árið 2004 varð umfang minna en til stóð af fleiri ástæðum. Vegna neikvæðrar þróunar sauðfjársjúkdóma í Árnessýslu var lokað á slíkar rannsóknir þar en þær höfðu verið gerðar þar um árabil og skilað stöðvunum öflugum hrútastofni. Ákvörðun um að ekki skyldi lengur taka á stöðvarnar hrúta með áhættuarfgerð vegna riðu grisjaði verulega hrútahópinn sem valinn var í þessar rannsóknir haustið 2003. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir þeim rannsóknum sem unnar voru haustið 2004.

**Hyrndir hrútar**

Líkt og áður var umfangsmikil rannsókn á veturgömlu hrútunum á **fjárræktarbúinu á Hesti.** Arfgerðagreining grisjaði hins vegar umtalsvert þann hóp hrúta sem endanlega var úr að velja þar. Líkt og síðustu ár voru margir hrútar þar að skila miklum og afgerandi kjötgæðum hjá afkvæmum. Hins vegar voru aðeins fjórir hrútar af ellefu sem stóðust arfgerðagreiningu og einn þeirra sýndi það glæsilegar niðurstöður úr rannsókninni að ákveðið var að taka hann á stöð. Þetta er Kuldi 03-924.

Umfangsmesta rannsóknin var líkt og áður í Norður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmd rannsóknar þar var að þessu sinni breytt þannig að hún var unnin á tveimum búum, **Snartastöðum** og **Sveinungsvík**, þar sem ákveðinn kjarni hrúta var notaður á báðum búunum. Þessi framkvæmd gekk ákaflega vel. Vænleiki lamba á þessu svæði var heldur minni en undangengin ár, en holdafar lambanna ákaflega gott en fita verulega minni en áður. Samtals voru 13 hrútar í þessari rannsókn. Þegar niðurstöður rannsóknarinnar lágu fyrir var ákveðið að fá þrjá hrúta úr þessari rannsókn flutta á stöðvarnar og eru það Roði 00-921 frá Sauðanesi sem fæddur er í Sveinungsvík, Lómur 02-923 úr Sveinungsvík og Týr 02-929 frá Presthólum.

Veturgömlu hrútarnir í **Ytri-Skógum** voru líkt og áður í vandaðri rannsókn. Þar var föngulegur lambahópur til skoðunar en að þessu sinni var enginn af hrútunum þar að sýna það greinilega yfirburði að það þætti nægja til að velja einstakling úr hópnum strax til notkunar á stöðvunum.

Á **Teigi í Fljótshlíð** var hópur af heimahrútum ásamt einum aðkomuhrút í rannsókn. Í þeirri rannsókn var mikið af mjög góðum lömbum en enginn af þessum hrútum sýndi það skýra yfirburði í rannsókninni að það gæfi tilefni til vals á sæðingastöð.

**Kollóttu hrútarnir**

Ein rannsókn var með kollóttum hrútum. Hún var eins og árið áður í **Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði**. Þetta var umfangsmikil rannsókn þar sem voru samtals 15 hrútar og voru fjórir þeirra aðfengnir. Lömbin voru feikilega þroskamikil og mikið af mjög vel gerðum lömbum þar. Mjög gott samræmi var í dómum afkvæmahópa bestu hrútanna hvort sem skoðaðir voru hrútar eða gimbrar undan þeim. Að fengnum niðurstöðum úr rannsókninni var ákveðið að flytja þrjá af þessum hrútum á stöðvarnar. Það eru Erpur 01-919 og Ormur 02-933, sem komu frá sitt hvoru búanna á Heydalsá og Kóngur 02-920 sem kom frá Smáhömrum.

Eins og niðurstöður frá fyrri árum má finna allar tölulegar niðurstöður úr rannsóknunum á vefnum www. bondi.is

---

Jón Viðar Jónmundsson

# Útrýming áhættuarfgerðar hjá íslensku sauðfé

Í tæpan áratug hefur verið þekkt að áhætta hjá sauðfé að veikjast af riðuveiki er háð arfgerð þess. Í príon-geninu eru þekktar mismunandi arfgerðir og sauðfé sýnir mismikla mótstöðu gagnvart sjúkdóminum eftir því hver arfgerð þess er.

Hrútar á sæðingastöðvunum hafa verið arfgerðagreindir og þær niðurstöður birtar í hrútaskrá. Snemma á árinu 2004 samþykkti Fagráð í sauðfjárrækt að stefnt skuli að því að útrýma svonefndri áhættuarfgerð hjá íslensku sauðfé. Fyrsta skref í þeim aðgerðum er að ekki verða lengur teknir til notkunar á stöðvunum hrútar sem greinast með þá arfgerð.

Eins og staðan er nú þá er þessi arfgerð aðeins til staðar hjá sumum af eldri hyrndu hrútunum á stöðvunum. Um leið er ástæða til að benda á að nokkrir af hrútum á stöðvunum eru með mótstöðuarfgerð, sem tvímælalaust eitt og sér er ástæða til að veita þeim hrútum athygli.

# *Skýringar*

**Ómmæling:** (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki - er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjármælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.
**Ullarlýsingar:** Emma Eyþórsdóttir (skst. EE), sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og Kristinn Arnþórsson (skst. KA), ullarmatsmaður, hafa skoðað og gefið umsögn um ull flestra sæðingahrúta og fylgir hún með lýsingu hrútanna.
**Gerð:** Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta eru umreiknaðar í vægistuðla fyrir gerð. Vaxtarlagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.
**Fita:** Á sama hátt eru gefnir vægistuðlar fyrirr fituflokkun sem eru eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.
**Úr skýrslum fjárræktarfélaganna:** Vegna upplýsinga úr skýrslum fjárræktarfélaganna skal tekið fram að fyrir lömb er einkunn byggð á öllum lömbum. Einkunn um dætur hjá stöðvarhrútum er hins vegar aðeins byggð á dætrum þeirra frá árinu 2003, en ef upplýsingar eru úr heimafélagi eru þær byggðar á öllum upplýsingum um dætur hrútsins sem fram hafa komið þar.
**Litaerfðir:** Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavíum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:**

1. Verndandi arfgerðir. Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
2. Hlutlaus arfgerð. Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
3. Verndandi og áhættuarfgerð. Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
4. Áhættuarfgerðir. Miki eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftar í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því um hvora arfgerðina er að ræða.


Heiniger

**Hef til sölu**

***Fjárklippur, kúaklippur, hestaklippur, brýnsluvélar, kamba og hnífa.***

***Stilli handföng á barkaklippum. Brýni kamba og hnífa.***

**Guðmundur Hallgrímsson**

Hagatúni, Hvanneyri
311 Borgarnesi
Sími 437 0099 eftir kl. 19,30.

# Sauðfjársæðingar

*Þorsteinn Ólafsson*

**Inngangur**

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ánna.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir mínar fyrir nokkrum árum sýndu að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar var á stærstu fjárbúunum og þar sem aðeins voru fáar ær. Ég dreg þá ályktun af því að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

**Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri í sæðingunum**

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum mæli ég með eftirfarandi aðferð.

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-7 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

**Samstillingar**

Margir velja þann kost að samstilla gangmál ánna sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstilla ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

**Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu**

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga.

**Vinnulagsreglur**

**Sæðingar:** Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos 30 - 36 klst. eftir upphaf blæsmis.

**Dæmi:**
Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.
Leitað kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.
Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

**Dæmi:**
Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

**Samstillt og sætt á öðru gangmáli.** Svampur hafður í í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

**Dæmi:**
Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.
Leitað 15. des. kl. 8.
Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ánna að ganga.

# Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands árið 2004 - 2005
## HYRNDIR HRÚTAR:

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 90 | 102 | 25,0 | 116 | 32/8/-(H) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 8,5 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 84,5 |

# Lækur
### frá Lækjarhúsum, Suðursveit.

**Ætt:**

Lækur 97-843
- Garpur 92-808
  - Hrókur 88-198
  - Varta 89-829
- Spóla 93-987
  - Þéttir 91-931
  - Filma 90-855

MMF. Steinn 81-864, MMFF: Smári 78-990.




**Lýsing:** Lækur er hvítur, fínhyrndur og aðeins gulur í hnakka og á fótum. Hausinn er fríður og hornalag gott. Hálsinn er stuttur og sver og útlögur miklar. Bakið er holdugt og sterkt, malir holdfylltar og kúptar. Lærahold úrvalsgóð. Fætur eru réttir. Lækur er afar jafnvaxinn og fönguleg holdakind sem endist með eindæmum vel.

**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka og á fótum og ullin mikið gul í aftanverðu reyfi, fram á miðjan hrygg en þokkalega hvít að framanverðu. Fremur ullarlítill og togstuttur en togið mjúkt og fínt. Engin svört hár fundust.

**Reynsla:** Lækur 97-843 hefur öðlast það víðtæka reynslu eftir fimm ára notkun á stöðvunum að hann telst í dag reyndasti kynbótahrútur landsins með tilliti til kjötgæða. Hann sýndi afgerandi kosti sína strax veturgamall í afkvæmarannsókn í Lækjarhúsum þar sem hann fékk 125 í heildareinkunn. Hundruð afkvæma hans úr sæðingum síðustu fimm ár hafa staðfest feikilega mikla kosti. Þau hafa ákaflega þykka og mikla vöðva og mat fyrir fitu er hagstætt. Allmargir sona hans eru þegar komnir til notkunar á stöðvunum sem enn ein staðfesting á yfirburðum hjá afkvæmum hans. Lækur gefur yfirleitt fé sem er gult á haus og fótum en undan honum koma einnig hreinhvít lömb, leyfi móðurættin það.

Reynsla, sem komin er um dætur Læks, sýnir ótvírætt að hann er öflugur ærfaðir.

**Litaerfðir:** Lækur er arfhreinn hvítur — gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

| | Lækur 97-843 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 214 | 152 | 164 | 152 | 146 |
| | Þungi | 47 | 46 | 47 | 46 | 47 |
| | Fótleggur | 110 | 110 | 110 | 110 | 108 |
| | Læri | 17,0 | 16,8 | 17,0 | 16,8 | 17,2 |
| | Ull | 7,7 | 7,7 | 7,7 | 7,7 | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 26,5 | 26,2 | 27,4 | 26,2 | 27,0 |
| | Ómfita | 3,3 | 3,2 | 3,3 | 3,2 | 3,3 |
| | Lögun | 3,7 | 3,6 | 3,7 | 3,6 | 3,7 |
| KJÖTMAT | | | | | | BLUP |
| | Fjöldi | | | | | 1567 |
| | Gerð | | | | | 124 |
| | Fita | | | | | 106 |
| | Heild | | | | | 113 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA | | | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | | | 2250 |
| | Einkunn | | | | | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | | | 664 |
| | Frjósemi | | | | | +10 |
| | Einkunn | | | | | 110 |

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 45 | 84 | 21,0 | 108 | 27/3/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 90 | 110 | 27,0 | 119 | 37/6/4(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Kúði
### frá Úthlíð, Skaftártungu.

**Ætt:**

Kúði 99-888
- Hamur 98-557
  - Garpur 92-808
  - 93-682
- 97-882
  - Bruni 93-988
  - 93-612

FMFF: Álfur 87-910, MMFF: Óðinn 83-904,



| | Kúði 99-888 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 37 | 65 |
| | Þungi | 47 | 46 |
| | Fótleggur | 110 | 108 |
| | Læri | 16,9 | 17,0 |
| | Ull | 7,8 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,3 | 27,2 |
| | Ómfita | 3,7 | 3,6 |
| | Lögun | 3,7 | 3,8 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 285 |
| | Gerð | | 121 |
| | Fita | | 93 |
| | Heild | | 104 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 151 |
| | Einkunn | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 43 |
| | Frjósemi | | +9 |
| | Einkunn | | 105 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Svipfríður með gott hornalag. Breiðar holdfylltar örlítið háar herðar, víður brjóstkassi. Ákaflega vel holdfylltur í baki og á mölum. Lærvöðvi mjög þykkur og vel lagaður. Rétt fótstaða. Fríður, fremur bollangur og holdþéttur hrútur.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Gul hár hér og þar í reyfi, sérstaklega aftan til. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel fremur þykkt. Tog meðalgróft, aðeins styttra ofantil. Ekki fundust svört hár.

**Reynsla:** Kúði stóð veturgamall haustið 2000 langefstur í afkvæmarannsókn fjögurra hrúta í Úthlíð með 127 í heildareinkunn en í kjötmatshluta rannsóknar var einkunn hans 134. Sláturlömb undan honum voru feikilega væn eða 17,7 kg að jafnaði og fengu 9,0 fyrir gerð að meðaltali og 8,5 í fitumati. Lærastig hjá lömbum sem skoðuð voru undan honum það haust voru 17,0. Skoðun lambhrúta úr sæðingum undan Kúða síðustu tvö haustin staðfestir vel kjötgæðaeiginleika hans.
Nokkur reynsla er komin um hann sem ærföður sem bendir til að þar verði hann einnig til kynbóta.
Rétt er að vekja athygli á því að Kúði er einn af fáum hrútum á stöðvunum sem hefur verndandi arfgerð vegna riðusmits.

**Litaerfðir:** Kúði er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 49 | - | - | 108 | 28/2/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 16,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 72 | - | - | 115 | 32/3/4(H) | 8,0 | 7,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |

# Trassi

## frá Norðurhjáleigu, Álftaveri




**Ætt:**

Trassi 99-925
- Garpur 92-808
  - Hrókur 88-198 Lækjarhúsum
  - Varta 88-829 Lækjarhúsum
- 96-459
  - Geisli 93-545
  - 93-378

MFF: Glói 88-927, MMF Álfur 87-910.

| | Trassi 99-925 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 66 |
| | Gerð | 130 |
| | Fita | 86 |
| | Heild | 104 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 68 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | 8 |
| | Frjósemi | +29 |
| | Einkunn | 106 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Fríður haus, fínhyrndur með gott hornalag. Hálsinn sver og herðarnar kúptar og vel fylltar. Útlögur góðar. Sterkt og vöðvað bak. Malir vel holdfylltar og lærvöðvinn vel lagaður. Sterklegir fætur. Lágfætt og fremur bollöng kind.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Gul hár ekki að finna í reyfi. Engin svört hár fundust. Ullarsnoðinn og ullarmagn undir meðallagi enda kominn á efri ár.

**Reynsla:** Trassi hefur verið notaður í frekar lítilli hjörð í Norðurhjáleigu og því aldrei verið til stórir lambahópar undan honum. Þar hafa komið fram úrtökugóð lömb undan honum og mat sláturlamba undan honum verið ákaflega gott fyrir gerð. Þessi lömb hafa verið mjög væn og af þeirri ástæðu haft talsvert breytilegt fitumat. Síðastliðið ár var hann síðan notaður í stórri hjörð á öðru búi í sveitinni. Afkvæmi hans þar haustið 2004 sýndu greinilega að hann erfir til afkvæma sinna gríðarlega mikil kjötgæði.
Vegna takmarkaðrar notkunar er ekki til nein víðtæk reynsla á Trassa sem ærföður en sú sem fyrir hendi er lofar mjög góðu í þeim efnum.
Rétt er að benda á þann kost Trassa að hann er einn af fáum stöðvahrútum sem hefur mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.

**Litaerfðir:** Trassi er arfhreinn hvítur

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 49 | 83 | 20,5 | 114 | 31/3/5(S) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 96 | 108 | 25,0 | 119 | 36/5/4(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 85,0 |

# Áll frá Hesti, Borgarfirði.

00-868



***Ætt:***

Áll 00-868
- Lækur 97-843
  - Garpur 92-808
  - Spóla 93-987 (Lækjarhúsum)
- 97-455
  - Stólpi 96-025
  - 93-989

FMF: Þéttir 91-931, MFF: Svaði 94-998, MMF: Hörvi 92-972.

| | Áll 00-868 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 260 | 179 | 253 |
| | Þungi | 46 | 48 | 47 |
| | Fótleggur | 109 | 110 | 111 |
| | Læri | 16,9 | 17,0 | 16,9 |
| | Ull | 7,9 | 7,8 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,2 | 28,4 | 28,4 |
| | Ómfita | 2,9 | 3,0 | 3,1 |
| | Lögun | 3,7 | 3,9 | 3,9 |
| KJÖTMAT | | | | BLUP |
| | Fjöldi | | | 919 |
| | Gerð | | | 114 |
| | Fita | | | 125 |
| | Heild | | | 121 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 1567 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 298 |
| | Frjósemi | | | +6 |
| | Einkunn | | | 108 |

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Haus fríður og hornalag mjög gott. Kúptar vel holdfylltar herðar, breið bringa og mjög góðar útlögur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir ákaflega vel vöðvaðar. Feikilega mikill og vel lagaður lærvöðvi. Rétt fótstaða. Mjög jafnvaxinn, fríð og fönguleg kind.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og í hnakka. Örlítið um gul hár í reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið ekki mikið en sæmilega fínt, gróf hár á mölum.
**Reynsla:** Áll sýndi athyglisverða yfirburði hjá afkvæmum sínum í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2001 fyrir mikilvægustu kjötgæðaeiginleika. Fituflokkun var með afbrigðum góð hjá þessum lömbum og sömuleiðis flokkun fyrir gerð.
Þau þrjú ár sem Áll hefur verið á stöð hefur hann verið mikið notaður og stórir hópar sona hans skoðaðir öll haustin. Þeir hafa rækilega staðfest mikla yfirburði í vöðvaþykkt og lítilli fitu. Fjöldi sona hans hefur einnig vakið verðskuldaða athygli og Hylur hefur jafnvel skákað föður sínum síðan hann kom til notkunar á stöðvunum.
Reynsla á Ál sem ærföður er enn fremur takmörkuð en það sem þar liggur fyrir bendir eindregið til góðrar frjósemi hjá dætrum hans og þær séu vel mjólkurlagnar.
**Litaerfðir:** Áll er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

---

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 88 | 104 | 25,0 | 117 | 37/4/5(S) | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |

# Lóði frá Hesti, Borgarfirði.

***Ætt:***

Lóði 00-871
- Klaufi 99-067
  - Sekkur 97-836
  - 97-531
- 97-940
  - Sturli 96-029
  - 93-999

Skyldleikaræktaður afkomandi Hörva 92-972 sem er MMF, FMMF og MFMF.



00-871

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Haus heldur í lengra lagi, krapphyrndur með sver horn. Hálsinn stuttur og sver og fellur ákaflega vel að kúptum mjög vel holdfylltum herðum. Bakhold einstök. Malir fremur stuttar og brattar en vel vöðvaðar. Kúptur og mjög þykkur lærvöðvi. Sterklegir fætur. Kviðléttur, fremur bolstuttur og virkar sem eitt kjötstykki í átaki. Skapillur.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og í hnakka, gulur kragi á hálsi og mikið af gulum hárum um allan bol. Engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Ull fremur jöfn en styttri á baki.
**Reynsla:** Lóði 00-871 var tekinn á stöð að fengnum niðurstöðum afkvæmarannsókna á Hesti haustið 2001. Þar voru kjötgæði lamba undan Lóða með miklum ágætum, þau höfðu hæst lærastig lamba undan einstökum hrút og fita hjá þessum lömbum var með ólíkindum lítil. Þessar niðurstöður endurspeglast í því að hann er í hópi hrúta með hæsta BLUP kynbótamat fyrir kjötmatsþætti sem nokkur hrútur í landinu hefur.
Lóði hefur verið mjög mikið notaður og stórir hópar sona hans komið til skoðunar síðustu þrjú haustin. Þeir hafa staðfest vel mikla yfirburði hans í kjötgæðum og eru víða að skila miklum yfirburðum úr kjötmati sláturlamba, ekki hvað síst fitumati. Fyrsti sonur hans er nú kominn til notkunar á stöð.
Talsverð reynsla er að fást á Lóða sem ærföður sem bendir eindregið til að í þeim efnum sé hann einnig öflugur kynbótahrútur.
**Litaerfðir:** Lóði er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

| | Lóði 00-871 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 161 | 241 | 253 |
| | Þungi | 46 | 48 | 48 |
| | Fótleggur | 109 | 110 | 108 |
| | Læri | 16,8 | 16,9 | 17,1 |
| | Ull | 7,6 | 7,7 | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 26,6 | 28,0 | 27,8 |
| | Ómfita | 3,0 | 3,0 | 3,3 |
| | Lögun | 3,6 | 3,7 | 3,7 |
| KJÖTMAT | | | | BLUP |
| | Fjöldi | | | 698 |
| | Gerð | | | 122 |
| | Fita | | | 128 |
| | Heild | | | 126 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 1298 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 250 |
| | Frjósemi | | | +6 |
| | Einkunn | | | 112 |

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 42 | 80 | 19,0 | 110 | 31/3/3(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 69 | 99 | 24,0 | 118 | 39/3/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |

# Eir
## frá Holti, Þistilfirði.

**Ætt:**

Eir 00-881
- Túli 98-858
  - Garpur 92-808
  - 93-008
- Heiða 98-047
  - Peli 97-719
  - Skotta 95-042

00-881



**Lýsing:** Eir er hvítur, hyrndur. Haus er fríður og með mjög gott hornalag. Háls er mjög þykkur, herðar eru breiðar og vöðvafylltar en fremur háar. Útlögur eru miklar. Malir eru aðeins stuttar en gríðarlega breiðar og vöðvafylltar. Lærvöðvi er feikilega þykkur og vel lagaður. Fótstaða er gleið og fætur réttir. Bollengd er í tæpu meðallagi. Eir er sérlega fríð kind með afbragðs gerð.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og í hnakka. Örfá gul hár í reyfi. Engin svört hár í ull. Ullarprúður, magn í góðu meðallagi. Togið í meðallagi langt og jafnt og meðal gróft. Þelið þykkt og gljáandi.
**Reynsla:** Eir 00-881 var veturgamall í afkvæmarannsókn heima í Holti þar sem hann stóð langefstur með 131 í heildareinkunn og þar af 147 úr kjötmatshluta rannsóknarinnar. Haustið 2002 var hann síðan í afkvæmarannsókn úrvalshrúta sýslunnar á Hagalandi þar sem kostir hans voru rækilega staðfestir. Þar var heildareinkunn hans 121 þegar skoðun á hrútlömbum var notuð en 126 þegar gimbrarnar voru í samanburði. Skoðun sona hans víða um land undanfarin tvö haust hefur staðfest þessar niðurstöður og leitt fram á sjónarsviðið marga ákaflega álitlega syni hans.

Takmörkuð reynsla er enn um Eir sem ærföður en það sem fyrir liggur bendir til þess að í þeim efnum sé hann mjög nálægt meðaltali
**Litaerfðir:** Eir er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

| | Eir 00-881 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 215 | 80 |
| | Þungi | 46 | 46 |
| | Fótleggur | 111 | 110 |
| | Læri | 16,8 | 16,9 |
| | Ull | 7,9 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 28,0 | 28,2 |
| | Ómfita | 3,2 | 3,5 |
| | Lögun | 3,8 | 3,9 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 616 |
| | Gerð | | 121 |
| | Fita | | 96 |
| | Heild | | 106 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 888 |
| | Einkunn | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 45 |
| | Frjósemi | | -5 |
| | Einkunn | | 95 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 58 | 87 | 21,0 | 112 | 30/3/4(S) | 8,0 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 86,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 95 | 107 | 24,5 | 117 | 33/4/4(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |

# Moli frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

***Ætt:***

- Moli 00-882
  - Moli 93-986
    - Vöðvi 91-162 E-Gegnishólum
    - Perla 83-288 E-Gegnishólum
  - 98-868
    - Bjálfi 95-802
    - 96-657

MMF: Hörvi 92-972



00-882

**Lýsing:** Moli er hvítur, hyrndur. Háls og herðar eru mjög vel holdfyllt og bringa er áberandi víð aftur. Holdfylling í baki, mölum og lærum með því besta sem finnst. Fótstaða er rétt. Moli er fremur bollangur og fádæma þéttholda kind. **Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og aðeins í hnakka. Gul hár hér og þar í reyfi, ekki áberandi. Engin svört hár í ull.

| | Moli 00-882 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 123 | 169 |
| | Þungi | 49 | 48 |
| | Fótleggur | 111 | 110 |
| | Læri | 17,0 | 17,0 |
| | Ull | 7,8 | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 27,9 | 28,3 |
| | Ómfita | 3,1 | 3,0 |
| | Lögun | 3,8 | 3,8 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 244 |
| | Gerð | | 121 |
| | Fita | | 109 |
| | Heild | | 114 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 387 |
| | Einkunn | | 108 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 24 |
| | Frjósemi | | +3 |
| | Einkunn | | 101 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Fremur ullarlítill, þelið þétt, stutt og sumsstaðar hrokkið. Ulllin mjög toglítil en togið mjög fíngert.

**Reynsla:** Moli 00-882 vakti strax sem lamb athygli sem fádæma vel gert og lærasterkt lamb. Í afkvæmarannsókn 12 heimahrúta á Hjarðarfelli haustið 2001 voru síðan yfirburðir hans ótrúlega miklir þar sem hann stóð langefstur með 152 í heildareinkunn og 157 úr kjötmatshluta rannsóknar. Líkir yfirburðir komu fram hjá lömbum undan honum heima á Hjarðarfelli haustið 2002 og var mjög góð hrútsefni að finna meðal þeirra í tugatali. Mikill fjöldi sona hans sem komið hafa til skoðunar vítt um land undanfarin tvö haust hefur enn treyst dóm Mola sem feikiöflugs kynbótahrúts með tilliti til kjötgæða. Þykkur vöðvi bæði í baki og lærum er mjög áberandi hjá afkvæmum hans.

Mjög takmörkuð reynsla er enn fengin á Mola sem ærföður en hún lofar samt góðu í þeim efnum.

**Litaerfðir:** Moli er arfhreinn hvítur

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 46 | 87 | 21,0 | 113 | 31/4/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,0 | 7,0 | 8,0 | 8,5 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 96 | 110 | 26,5 | 121 | 42/7/4(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 17,0 | 7,0 | 8,0 | 8,5 | 83,0 |

# Rektor frá Kolsholti, Villingaholtshr.

***Ætt:***

- Rektor 00-889
  - Árroði 99-042
    - Moli 93-986
    - Nótt 97-241
  - Trýna 96-222
    - Valur 93-054
    - Skrína 92-182

MFF: Klettur 89-930, MMFF: Sami 85-868.



00-889

| | Rektor 00-889 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 74 | 66 |
| | Þungi | 47 | 46 |
| | Fótleggur | 111 | 111 |
| | Læri | 16,4 | 16,7 |
| | Ull | 7,4 | 7,4 |
| | Ómvöðvi | 27,0 | 26,7 |
| | Ómfita | 3,3 | 3,7 |
| | Lögun | 3,6 | 3,8 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 285 |
| | Gerð | | 102 |
| | Fita | | 103 |
| | Heild | | 103 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 401 |
| | Einkunn | | 99 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 2 |
| | Frjósemi | | -16 |
| | Einkunn | | 102 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Lýsing:** Svarthöttóttur, hyrndur með hvíta krúnu. Gott hornalag. Herðar full háar en vel holdfylltar. Breið bringa og miklar útlögur. Ákaflega þykkt bak. Breiðar og holdfylltar malir. Lærahold í góðu meðallagi. Sterkleg fótstaða. Bollangur og sterklegur hrútur. **Ullarlýsing EE:** Svarthöttóttur. Reyfið er þykkt. Hefur mikið þel og er togfínn. Ullarstuttur aftan til á bakinu.

**Reynsla:** Rektor er tekinn á stöð til kynbóta á mislita fjárstofninum. Hann vakti athygli sem einstaklingur haustið 2001 en þá mældist hann með næst þykkasta bakvöðva veturgamalla hrúta á Suðurlandi (42 mm). Á hann er ekki komin mikil reynsla en lömb undan honum hafa reynst vel. Rektor er ræktuð kind útaf sæðingahrútum í báðar ættir. Talsverður fjöldi lambhrúta sem komu til skoðunar haustin 2003 og 2004 undan honum staðfesti að hann muni vera einhver öflugasti misliti hrútur sem hefur verið á sæðingastöð.

Veturgamlar dætur Rektors voru vorið 2004 að sýna fádæma mikla yfirburði í frjósemi, sem hlýtur að lofa góðu um hann sem ærföður.

**Litaerfðir:** Rektor erfir tvílit en ekki mórauðan lit - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Hrútaskráin er á www.bssl.is**

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 82 | 106 | 23,0 | 120 | 38/5/4(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 16,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,0 |

# Tímon

## frá Gerði, Suðursveit.




**Ætt:**

- Tímon 00-901
  - Vafi 99-422
    - Stubbur 95-815
    - Vofa 90-038
  - Brella 98-824
    - Vari 97-336
    - Glenna 93-215

FMF: Svoli 86-889, MFF: Moli 93-986, MMF. Galsi 88-929

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Haus heldur í lengra lagi en þróttlegur. Hálsinn sver, herðafylling mikil og bringan sérlega breið og mikil. Sterkt og vel fyllt bak. Malir í meðallagi breiðar en vöðvafylltar. Þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Fremur bollöng, kviðlétt og fönguleg kind. **Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Gul hár sjást víða í reyfi, þó ekki mjög áberandi. Engin svört hár fundust. Frekar ullarstuttur, tog í meðallagi og fremur fínt. Þelið allþykkt og ullarmagn rétt í meðallagi.

| | Tímon 00-901 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 77 |
| | Þungi | 47 |
| | Fótleggur | 109 |
| | Læri | 17,0 |
| | Ull | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,7 |
| | Ómfita | 3,2 |
| | Lögun | 3,7 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 172 |
| | Gerð | 117 |
| | Fita | 123 |
| | Heild | 121 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 162 |
| | Einkunn | 107 |
| DÆTUR | Afurðaár | 10 |
| | Frjósemi | -13 |
| | Einkunn | 95 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Reynsla:** Tímon vakti athygli fyrir ákaflega hagstætt kjötmat sláturlamba heima í Gerði haustin 2001 og 2002. Hann var síðan haustið 2003 í stórri afkvæmarannsókn á Smyrlabjörgum þar sem miklir kjötgæðaeiginleikar hans voru rækilega staðfestir. Í rannsókninni fékk hann 147 í einkunn fyrir sláturlömb, sem höfðu góða gerð og feikilega hagstætt fitumat, en meðaltal var 5,7 á lömbum með 15,1 kg meðalfallþunga. Afkvæmi hans í rannsókninni voru væn lömb með góða bolllengd og ágæta gerð. Haustið 2004 var skoðaður allstór hópur sona hans úr sæðingum sem voru með góðar ómsjármælingar og talsvert af verulega öflugum ásetningshrútum.

Tímon er enn að mestu óráðinn sem ærfaðir en móðir hans hefur verið afburðaær til afurða.

**Litaerfðir:** Tímon er arfhreinn hvítur

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 52 | - | - | 113 | 31/3/5(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 101 | - | - | 123 | 39/7/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |

# Toppur
## frá Þykkvabæ, Landbroti

*Ætt:*

Toppur 00-926
- Lækur 97-843
  - Garpur 92-808
  - Spóla 93-987 Lækjarhúsum
- 97-649
  - Fjalar 94-420
  - 90-413

MFF: Þéttir 91-931.




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Hausinn stuttur og hornalagið gott. Hálsinn sver og herðarnar kúptar en aðeins vantar á fyllingu aftan bóga. Góðar útlögur. Sterkt og vel fyllt bak. Malir kúptar og vel vöðvafylltar. Þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Fótstaða góð, rétt og sterkleg. Jafnvaxin og vel gerð kind.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Gul hár sjást víða í reyfi, aðallega aftan til. Engin svört hár fundust.

| | Toppur 00-926 | BLUP |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 241 |
| | Gerð | 126 |
| | Fita | 106 |
| | Heild | 114 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 234 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 20 |
| | Frjósemi | -6 |
| | Einkunn | 98 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Togið meðalfínt, heldur grófara í baki og stutt. Þelið jafnt og prýðilega þykkt.

**Reynsla:** Toppur 00-926 er fenginn á stöð vegna gríðarlega hagstæðs kjötmats sem lömb undan honum hafa sýnt í Þykkvabæ III. Toppur hefur verið mjög mikið notaður og átt stóra hópa afkvæma á hverju ári um eða yfir 100 sláturlömb á ári. Lömbin hafa verið væn, meðalfallþungi yfir 17 kg og vænleiki nokkuð umfram meðaltal á búinu, mat fyrir gerð verulega betra en undan öðrum hrútum ( meðaltal yfir 9 fyrir gerð) og fitumatið hagstætt. BLUP einkunnir hans sýna þessar niðurstöður glöggt. Nokkuð er til af ungum ám undan honum sem hafa verið um meðaltal á búinu um frjósemi og virðast ágætlega mjólkurlagnar. Móðir hans hefur fimm sinnum á sex árum verið tvílembd og hefur 5,0 afurðastig fyrir fimm afurðaár.

**Litaerfðir:** Toppur er arfhreinn hvítur

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




**Bændasamtök Íslands**

**sími 563 0300 — www.bondi.is**

**tolvudeild@bondi.is**

**Fjárvís fyrir sauðfjárbændur**

**Afurða- og ætternisbókhald fyrir sauðfé**

**Nauðsynlegt stjórntæki við gæðastýringu**

**Auðveld skráning**

**Skýrslugerð einföld**

**Gott og þægilegt forrit fyrir sauðfjárræktendur**

**Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar eða kíktu á www.bondi.is**

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 46 | 81 | 19,0 | 109 | 27/3/3(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 82 | 103 | 27,0 | 119 | 35/5/4(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Seðill

## frá Smyrlabjörgum, Suðursveit.




**Ætt:**

Seðill 01-902
- Spónn 98-849
  - Glaður 96-085 Ytri-Skógum
  - Stássa 97-015 Ytri-Skógum
- Lonta 99-902
  - Garpur 92-808
  - Lagða 96-633

FMF: Moli 93-986, MMFF: Kjói 89-954

**Lýsing:** Hvítur, fín- og gleiðhyrndur með svartan geira í hægra horni. Fríður og fremur sver haus. Feikilega breiðar og vel holdfylltar herðar og gríðarlegar útlögur. Bakið breitt og vel vöðvað. Sérlega breiðar og vel fylltar malir. Lærvöðvi mjög kúptur og þykkur með afbragðsgóða fyllingu. Fremur bolstutt en föngulega kind. **Ullarlýsing EE:** Fölgulur á haus og fótum. Örlítið gult í reyfi aftan til. Svört doppa á vinstri bóg. Togið nokkuð gróft og langt í síðum neðan til en styttra ofan til og á baki. Ullar- og þelmikill.

| | Seðill 01-902 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 89 |
| | Þungi | 47 |
| | Fótleggur | 109 |
| | Læri | 17,2 |
| | Ull | 7,9 |
| | Ómvöðvi | 27,6 |
| | Ómfita | 3,6 |
| | Lögun | 3,9 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 48 |
| | Gerð | 144 |
| | Fita | 80 |
| | Heild | 106 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 27 |
| | Einkunn | 99 |
| DÆTUR | Afurðaár | 7 |
| | Frjósemi | -18 |
| | Einkunn | 94 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Reynsla:** Á grundvelli frábærs kjötmats fyrir gerð á lömbum undan Seðli haustið 2002 var hann í stórri afkvæmarannsókn vegna stöðvanna haustið 2003 á Smyrlabjörgum. Þar sýndi hann afgerandi yfirburði fyrir gerð og vöðvaþykkt hjá afkvæmunum. Hann var með 124 í einkunn úr kjötmatshluta rannsóknar þar sem meðaltal fyrir mat um gerð var 9,4 á lömbum með 14,9 kg meðalfallþunga en fitumat var aðeins yfir meðaltali rannsóknarinnar. Allstór hópur sona hans sem kom til skoðunar vítt um land haustið 2004 staðfesti að hann gefur feikilega góða gerð hjá afkvæmum sínum, þykkan vel lagaðan bakvöðva en fitu heldur yfir meðaltali.

Seðill er enn lítt reyndur sem ærfaðir en takmörkuð reynsla hefur ekki hampað honum enn sem kynbótakind í þeim efnum.

**Litaerfðir:** Seðill er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 56 | - | - | 107 | 35/4/4(H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 85,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 92 | - | - | 118 | 34/8/3(H) | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 8,5 | 9,0 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 86,5 |

# Vestri

## frá Skarði, Landsveit




**Ætt:**

Vestri 01-927
- Lækur 97-843
  - Garpur 92-808
  - Spóla 93-987 Lækjarhúsum
- 99-916
  - Glúmur 91-400
  - Svört 95-096

MFF: Sami 95-868.

| Vestri 01-927 | | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 94 |
| | Gerð | 126 |
| | Fita | 104 |
| | Heild | 113 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 118 |
| | Einkunn | 92 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Sver og sterklegur haus. Breiðar og mjög holdfylltar herðar, feikilega víð bringa og miklar útlögur. Áberandi mikil holdfylling í baki, mölum og lærum. Framfætur aðeins snúnir um kjúkur, fótstaða annars gleið og góð. Gríðarlega fönguleg kind og er áberandi mikil breidd í hrútnum öllum.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Gul hár aftan til í reyfi. Engin svört hár fundust. Ullarmagn vel yfir meðallagi, þelið þykkt en togið stutt og fíngert.
**Reynsla:** Vestri 01-927 var í afkvæmarannsókn vegna stöðvanna árið 2003 í Skarði og þó að hann stæði þar í skugga hálfbróður síns Austra sýndi hann þar mjög góða niðurstöðu, var með 107 í heildareinkunn byggt á mati hrútlamba og 119 fyrir gimbrar. Vestri er líkt og margir hálfbræðra hans (Lækssynir) að skila feikilega vel gerðum lömbum með gríðarlega góð lærahold og fitumat hjá þeim er hagstætt.
Vestri er ekki mikið reyndur sem ærfaðir en veturgamlar dætur hans í Skarði virðast mjólkurlagnar og góðar mæður.
**Litaerfðir:** Vestri er arfblendinn hvítur og hann erfir einnig tvílit en mun ekki hafa erfðavísi fyrir mórauðum lit, gefur hreinhvítt
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Hrútaskráin er á www.bssl.is**

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 56 | 90 | 21,0 | 112 | 28/3/4(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 86 | 105 | 24,0 | 124 | 30/5/3(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Grímur

## frá Staðarbakka, Hörgárdal

*Ætt:*

Grímur 01-928
- Túlli 98 858
  - Garpur 92-808
  - 93-008 Leirhöfn
- Gríma 96-606
  - Ljómi 95-704
  - Urð 94-914

MFF: Gosi 91-945.




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Sterklegur og svipmikill haus. Ákaflega breiðar og holdfylltar herðar og bringan sérlega breið og útlögur miklar. Bakhold góð og malir geysivel vöðvaðar. Mjög þykkur og öflugur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Fótstaða góð. Geysilega öflugur og skrokkmikill hrútur.

| Grímur 01-928 | | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 97 |
| | Gerð | 138 |
| | Fita | 100 |
| | Heild | 115 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 96 |
| | Einkunn | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | 2 |
| | Frjósemi | -10 |
| | Einkunn | 99 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum, með gulan hálskraga. Svört doppa í baki. Ullarmagn í tæpu í meðallagi, þelið þykkt en togið stutt og lítið. Toggrófur í baki.
**Reynsla:** Grímur 01-928 er fenginn úr öflugri áratuga fjárrækt á Staðarbakka á grundvelli ákaflegra jákvæðrar niðurstöðu sláturlamba úr kjötmati. Haustið 2003 voru um 70 sláturlömb undan honum með 17,9 kg meðalfallþunga og meðaltal úr kjötmati fyrir gerð 10,8 og fitumat 8,2. Einnig hafa við skoðun hrútlamba á Staðarbakka undanfarin haust komið fram úrvalsgóð hrútsefni undan Grími.
Takmörkuð reynsla er fengin um Grím sem ærföður en það sem fyrir liggur bendir til að þar sé hann verulega til kynbóta, gefi bæði frjósamar og mjólkurlagnar ær. Móðir hans er úrtökugóð afurðaær með 8,8 í afurðastig fyrir sex ár.
Bent skal á að Grímur er í hópi örfárra stöðvahrúta sem hafa mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.
**Litaerfðir:** Grímur er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir gráum lit og erfir tvílit en hefur ekki erfðavísi fyrir mórauðum lit. Gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | 48 | - | - | 111 | 33/3/4(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2003 | 85 | 102 | 25,0 | 120 | 37/5/4(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 81,0 |

# Hækill

## frá Bjarnastöðum, Öxarfirði.

**Ætt:**

Hækill 02-906
- Prúður 00-155
  - Prúður 94-834
  - Tó 97-743
- Pá 99-920
  - Óðinn 96-448
  - Anna 93-345

FMF: Svaði 94-998, MMF: Fóli 88-911, MFFF Gosi 91-945, MFMF: Strammi 83-833.



02-906

**Lýsing:** Hvítur með stuttan og þróttlegan haus. Fínhyrndur með gott hornalag. Sver háls, skortir aðeins á fyllingu aftan við herðar en útlögur góðar. Góð bak- og malahold. Lærvöðvi feikilega þykkur, klæðir niður á hækil og fyllir ákaflega vel í krikann. Bollengd í meðallagi. Fönguleg kind á velli.

| | Hækill 02-906 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 30 |
| | Þungi | 46 |
| | Fótleggur | 109 |
| | Læri | 17,1 |
| | Ull | 7,9 |
| | Ómvöðvi | 28,0 |
| | Ómfita | 3,6 |
| | Lögun | 3,8 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 48 |
| | Gerð | 125 |
| | Fita | 109 |
| | Heild | 115 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 46 |
| | Einkunn | 95 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus, fótum og dindli. Víða gult í reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullin öll mjög mjúk en togið stutt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

**Reynsla:** Hækill var í feikilega stórri afkvæmarannsókn á Bjarnastöðum haustið 2003 þar sem var hópur úrvalshrúta úr Norður-Þingeyjarsýslu. Hann var með hæsta heildareinkunn allra hrúta í þessari rannsókn. Einkunn hans fyrir sláturlömb var 142 og fyrir skoðun lifandi lamba fékk hann 123 í einkunn fyrir hrútlömbin og 93 fyrir gimbrarnar. Einkenni afkvæmahópsins var ákaflega góð gerð og öflug lærahold og fitumat sláturlamba var mun hagstæðara en hjá flestum hinna afkvæmahópanna. Þungi lamba undan Hækli var undir meðaltali fyrir hrúta í rannsókn, en meðalfallþungi sláturlambanna undan honum var 15,8 kg. Hækill hlaut takmarkaða notkun fyrsta ár sitt á stöð en þeir lambhrútar undan honum sem til skoðunar komu haustið 2004 renna stoðum undir það að hann sé mjög öflug kynbótakind með tilliti til kjötgæða.

Hækill er óreyndur sem ærfaðir vegna aldurs en veturgamlar dætur hans á Bjarnastöðum haustið 2004 voru sérlega föngulegur hópur og virðast ágætlega mjólkurlagnar.

**Litaerfðir:** Hækill er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 78 | 98 | 24,0 | 118 | 32/4/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |

# Frosti

## frá Hesti, Borgarfirði

**Ætt:**

Frosti 02-913
- Loppi 01-104
  - Lonti 00-088
  - 98-626
- 98-568
  - Sturli 96-029
  - 96-323

FFF: Lækur 97-843, MMF: Mölur 95-812, MFFF: Galsi 88-929, MFMF: Hörvi 92-972, MMFF: Svaði 94-988.



02-913

**Lýsing:** Hvítur með stuttan, þróttlegan og fríðan haus, vel hyrndur. Stuttur háls og örlítið háar herðar en vel holdfylltar. Mjög góðar útlögur. Gríðarlega þykkur og kúptur bakvöðvi en malir fremur stuttar en breiðar og ákaflega vel vöðvaðar. Mjög þykkur lærvöðvi sem klæðir niður á hækil og fyllir um leið vel í krikann. Bollengd í tæpu meðallagi en fríð kind á velli.

| | Frosti 02-913 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 331 |
| | Þungi | 46 |
| | Fótleggur | 109 |
| | Læri | 17,0 |
| | Ull | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 28,6 |
| | Ómfita | 3,0 |
| | Lögun | 4,1 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 36 |
| | Gerð | 127 |
| | Fita | 115 |
| | Heild | 120 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 61 |
| | Einkunn | 94 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum og talsvert um gul hár á aftari hluta skrokksins. Ekki fundust svört hár í ull. Fremur ullarmikill, tog langt og fremur gróft, þelið þykkt.

**Reynsla:** Frosti sýndi í afkvæmarannsókn veturgömlu hrútanna á Hesti haustið 2003 mikil kjötgæði hjá afkvæmum sínum. Við ómsjármælingu höfðu afkvæmi hans næstþykkastan bakvöðva 26,8 mm að meðaltali. Sláturlömbin undan honum voru næstefst í lærastigum með 4,19 að meðaltali, voru áberandi fitulítil, með 7,7 mm í J máli og 6,3 í meðaltal úr fitumati. Meðaltal í mati fyrir gerð var 10,3. Nokkur feikilega glæsileg hrútlömb voru í afkvæmahópnum sem komu til ásetnings og einn þeirra, Kuldi, er þegar komin á stöð á grundvelli reynslu afkvæma hans. Skoðun á feikilega stórum hópi sona hans um allt land haustið 2004 staðfesti rækilega þá miklu kosti Frosta með tilliti til kjötgæða sem höfðu komið fram í afkvæmarannsókninni.

Að vonum er Frosti enn lítt reyndur sem ærfaðir en dætur hans úr afkvæmahópnum á Hesti voru allar einlembdar sem gemlingar vorið 2004 og stóðust þannig ekki samanburð við dætur stallbróður hans Gára.

**Litaerfðir:** Frosti er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | 48 | 86 | 19,5 | 115 | 34/ 2/4 (H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 88 | 110 | 26,0 | 124 | 38/ 6/4 (H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |

# Týr

## frá Presthólum, Núpasveit.

*Ætt:*

Týr 02-929
- Leki 00-880
  - Lækur 97-843
  - 97-723 Sveinungsvík
- 00-250
  - Búri 98-204 Sveinungsvík
  - 98-368

MFF: Bútur 93-982




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Hausinn fríður. Hálsinn sver en örlítið vantar á fyllingu aftan við herðar. Bringan breið og útlögurnar miklar. Bakvöðvinn kúptur, malirnar kúptar og vöðvafylling ákaflega góð. Þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Sterkleg fótstaða. Falleg kind á velli og gæf.

| | Týr 02-929 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 22 |
| | Gerð | 134 |
| | Fita | 110 |
| | Heild | 120 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 22 |
| | Einkunn | 98 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Fölgulur í hnakka og á fótum. Aðeins um gul hár í reyfi, þó ekki áberandi. Engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi, þelið jafnt og þykkt. Togið stutt og fíngert.

**Reynsla:** Týr 02-929 skilaði mjög góðu kjötmati sláturlamba haustið 2003 í Presthólum líkt og BLUP mat hans sýnir. Hann var í stóru afkvæmarannsókninni fyrir úrvalshrúta úr Norður-Þingeyjarsýslu haustið 2004. Þar staðfesti hann greinilega kjötgæðaeiginleika sína. Í Sveinungsvík var heildareinkunn hans 109 og 118 á Snartastöðum. Meðaltal úr mati sláturlamba fyrir gerð var 10,5 í Sveinungsvík og 9,9 á Snartastöðum. Undan Tý var áberandi stærri hópur úrtökugóðra lamba en undan öðrum hrútum í rannsókninni.

Týr er að vonum óreyndur sem ærfaðir vegna ungs aldurs en móðir hans, 00-250, var einlembd gemlingurinn en síðan tvílembd utan einu sinni og hefur 6,6 afurðastig fyrir þrjú afurðaár.

**Litaerfðir:** Týr er arfhreinn hvítur

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | - | - | - | 115 | 28/5/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 16,5 | 9,5 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2004 | - | - | - | - | 28/2/3(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 16,5 | 9,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Kári

## frá Steinholti, Austur-Héraði.

*Ætt:*

Kári 03-908
- Fífill 01-398
  - Brúsi 00-395
  - 00-420
- Lobba 94-358
  - Sindri 92-377
  - 89-255

FFF: Peli 94-810, FFMF: Njörður 92-994,
FMMF: Mjaldur 93-985.




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Fríður haus og hornalag gott. Ágætis holdfylling um herðar og útlögur góðar. Bakið átökugott. Malir fremur breiðar og vöðvaðar. Lærahold í góðu meðallagi. Rétt fótstaða. Í meðallagi bollöng kind en fönguleg á velli.
**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur. Reyfið er jafnt, togið hrokkið og mjúkt. Ullin er mjúk og vel gljáandi. Ullarmagn vel yfir meðallagi.
**Reynsla:** Engin reynsla er komin á Kára eins og aldur hans segir til um. Hann er tekinn á stöð til kynbóta á ullargæðum íslenska fjárins og gefur sem slíkur góð fyrirheit. Hann er kominn af hinum þekkta fjárstofni á Freyshólum og einn örfárra einstaklinga sem eftir lifa af þeim stofni. Undan Kára kom ekkert hrútlamb til skoðunar haustið 2004.
Kári er að sjálfsögðu óreyndur sem ærfaðir en móðir hans er frjósöm afurðaær.
**Litaerfðir:** Kári gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Ókomin.




HEILDARFJÁRMÁLAÞJÓNUSTA FYRIR BÆNDUR

Ný þjónusta hjá KB banka sérsniðin fyrir önnum kafna bændur.
Láttu okkur sjá um þín fjármál svo þú hafir betri yfirsýn yfir reksturinn og fjármál fjölskyldunnar.
Hafðu samband við næsta útibú og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig og þína.

KB BANKI

Sérkjör • Útgjaldadreifing • KB Netbanki • Eigin þjónustufulltrúi • Persónutryggingar • Viðbótarlífeyrissparnaður • Fasteignalán • Afurðalán • Innkaupakort • Fjármögnun til kvótakaupa

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 45 | 78 | 19,5 | 111 | 27/ 3/- (S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 85 | 106 | 24,0 | 120 | -/ -/- (S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Glæsir

## frá Broddanesi, Broddaneshreppi.

*Ætt:*

Glæsir 98-876
- Hnykill 97-095
  - Dropi 96-090 Melum, Árneshr.
  - 95-373
- 96-440
  - Atrix 94-824
  - 90-162




**Lýsing:** Glæsir er hvítur, kollóttur. Haus stuttur og sver. Herðar eru vel holdfylltar og útlögur góðar. Bakátak er mjög gott, malir eru ekki langar en vöðvafylltar. Lærvöðvi lokar klofi fádæma vel. Glæsir styngur við eftir meiðsl á framfæti en fætur annars góðir. Glæsir er ákaflega þéttvaxinn en bollengd í tæpu meðal-lagi.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og hnakka. Gul hár fundust ekki í ull og engin svört hár. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullin mjúk og fín nema gróft tog í síðum og lærum.

**Reynsla:** Glæsir 98-876 var í afkvæmarannsókn heima í Broddanesi haustið 2000 þar sem hann stóð langefstur hrúta með 128 í heildareinkunn og árið eftir var hann í samanburði úrvalshrúta á Húsavík. Í þeirri rannsókn voru niðurstöður hans úr kjötmati mjög góðar með 136 í einkunn og lömbin voru með 8,2 að jafnaði fyrir gerð en aðeins 5,7 fyrir fitu þrátt fyrir 15,4 kg meðalfallþunga. Í ómsjármælingum voru lömb undan Glæsi hins vegar um meðaltal í þessari rannsókn með þykkt bakvöðva. Skoðun lambhrúta víða um land s.l. tvö haust hefur staðfest vel þá kosti Glæsis, sem áður voru vel þekktir úr heimahögum. Margt stórglæsilegra hrútsefna var þar á ferðinni. Eftir því sem meiri reynsla kemur um dætur Glæsis styrkir hann stöðu sína sem slíkur og verður í ljósi fenginnar reynslu að teljast til kynbóta einnig sem ærfaðir.

**Litaerfðir:** Glæsir er arfblendinn hvítur, gefur tvílit en ekki mórautt, gefur hrein-hvítt.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

| | Glæsir 98-876 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 118 | 55 |
| | Þungi | 50 | 48 |
| | Fótleggur | 113 | 114 |
| | Læri | 16,7 | 16,9 |
| | Ull | 8,0 | 8,0 |
| | Ómvöðvi | 27,4 | 27,6 |
| | Ómfita | 3,4 | 3,4 |
| | Lögun | 3,6 | 3,7 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 454 |
| | Gerð | | 127 |
| | Fita | | 115 |
| | Heild | | 120 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 522 |
| | Einkunn | | 106 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 111 |
| | Frjósemi | | 0 |
| | Einkunn | | 100 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 52 | 86 | 20,5 | 117 | 27/5/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 103 | 105 | 25,5 | 124 | 33/10/4(S) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |

# Boli

## frá Heydalsá (B.G.), Kirkjubólshr.

*Ætt:*

Boli 99-874
- Spaði 96-478
  - Hlífar 94-396
  - 95-236
- 96-262
  - Dropi 91-250
  - 91-092

MFF. og FFFF. Valur 90-934

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Haus þróttlegur. Vel fylltar, breiðar herðar, breið bringa og miklar útlögur. Bak sterkt, breitt og mjög vel vöðvað og malir ákaflega vel holdfylltar. Feikilega þykkur lærvöðvi sem fyllir mjög vel upp í klofið. Örlítið út-

skeifur á framfótum. Feikilega bollangur en aðeins kviðaður.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum með svartar dropur á eyrum. Strjálingur af gulum hárum á aftari hluta bolsins, en ekki áberandi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Tog í grófara lagi. Þelið allgott.
**Reynsla:** Boli 99-874 skilaði mjög kostamiklum lömbum haustið 2000 heima á Heydalsá og var árið eftir í stórri afkvæmarannsókn á Húsavík þar sem hann sýndi mjög sannfærandi niðurstöður sem leiddu til að hann var valinn til notkunar á stöð. Lömbin í þeirri rannsókn voru mjög þroskamikil, vöðvafyllt og vel gerð. Skoðun á lömbum undan Bola úr sæðingum undanfarin þrjú haust hefur sýnt að hann gefur mjög þroskamikil og vel gerð lömb með öflug lærahold, bollöng en stundum full kviðmikil. Nokkuð er um hreinhvít afkvæmi hans.

| | Boli 99-874 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 122 | 56 | 4 |
| | Þungi | 48 | 48 | 46 |
| | Fótleggur | 113 | 113 | 109 |
| | Læri | 16,7 | 16,8 | 17,4 |
| | Ull | 8,0 | 7,9 | 8,1 |
| | Ómvöðvi | 25,7 | 27,1 | 26,5 |
| | Ómfita | 3,4 | 3,5 | 3,1 |
| | Lögun | 3,3 | 3,5 | 3,5 |
| KJÖTMAT | | | | BLUP |
| | Fjöldi | | | 461 |
| | Gerð | | | 121 |
| | Fita | | | 105 |
| | Heild | | | 111 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 774 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 204 |
| | Frjósemi | | | +7 |
| | Einkunn | | | 109 |




Nokkur reynsla er fenginn á Bola sem ærföður sem sýnir að sem slíkur er hann einnig til verulegra kynbóta. Ástæða er til að nefna að Boli verður felldur eftir notkun í vetur.
**Litaerfðir:** Boli er arfblendinn hvítur, erfir tvílit - gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 45 | 85 | 21,0 | 109 | 31/3/4 (S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 87 | 106 | 24,0 | 117 | 31/8/5 (S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Glópur
## frá Melum 2, Árneshreppi

***Ætt:***

Glópur 00-930
- Stúfur 97-854
  - Hnífill 93-285 Bassastöðum
  - 96-438 Bassastöðum
- Eldey 97-883
  - Bassi 95-821
  - Kleif 95-836




**Lýsing:** Glópur er hvítur og kollóttur með stuttan og sveran haus. Hálsinn er stuttur, þykkur og fyllir mjög vel að breiðum og kúptum herðunum. Bringan er breið og útlögur miklar. Bakvöðvinn er kúptur og malirnar fremur stuttar en kúptar og vöðvafylltar. Læraholdin eru framúrskarandi góð. Fótstaða rétt. Glópur er gríðarlega vel gerð og harðholda kind auk þess sem hann er ákaflega gæfur og rólyndur.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Nokkuð um gul hár í reyfi, sérstaklega aftan til. Ekki fundust svört hár. Reyfið er jafnt en toglítið. Togið fíngert.
**Reynsla:** Glópur 00-930 var í afkvæmarannsókninni á búunum á Melum haustið 2002 og stóð efstur í hrútahópnum sem notaður var á Melum 2 með 116 í heildareinkunn en var líkt og hálfbróðir hans Hnokki settur í biðstöðu þar til frekari reynsla fengist á hann sem ærföður. Sláturlömbin undan honum í rannsókninni voru með 15,3 kg meðalfallþunga og höfðu 9,2 að meðaltali fyrir gerð og 6,2 fyrir fitu úr kjötmati. Öll ár síðan hefur hann skilað mjög góðum sláturlömbum heima á Melum 2.

Viss reynsla er komin á Glóp sem ærföður sem bendir til að frjósemi dætra hans sé um meðallag og ærnar séu mjólkurlagnar. Rétt er að benda á að dætur hans eru fyrst og fremst í samanburði við dætur Topps 00-897 sem hafa reynst feikilega miklar afurðaær. Móðir Glóps, Eldey 97-883, hefur verið frjósöm og mikil hrútamóðir því að nokkrir fleiri synir hennar en Glópur verða að teljast mikil djásn. Hún er með 8,2 afurðastig fyrir sex afurðaár.
**Litaerfðir:** Glópur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| | Glópur 00-930 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 113 |
| | Gerð | 134 |
| | Fita | 103 |
| | Heild | 115 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 166 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | 22 |
| | Frjósemi | -13 |
| | Einkunn | 95 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 39 | 79 | 19,0 | 109 | 29/3/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 17,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 80 | 101 | 24,0 | 120 | 31/5/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 9,0 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |

# Þokki

## frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



01-878

**Ætt:**

- Þokki 01-878
  - Stormur 00-685
    - Styrmir 98-852
    - 98-815
  - 99-915
    - Snær 97-638
    - 96-603

| | Þokki 01-878 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 105 | 93 |
| | Þungi | 48 | 46 |
| | Fótleggur | 114 | 112 |
| | Læri | 16,7 | 16,7 |
| | Ull | 8,2 | 8,1 |
| | Ómvöðvi | 27,7 | 28,2 |
| | Ómfita | 3,8 | 3,7 |
| | Lögun | 3,6 | 3,6 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 234 |
| | Gerð | | 111 |
| | Fita | | 112 |
| | Heild | | 112 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 380 |
| | Einkunn | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 2 |
| | Frjósemi | | -18 |
| | Einkunn | | 96 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Lýsing:** Þokki er hreinhvítur, kollóttur. Herðar eru vel holdfylltar en aðeins slöður aftan við bóga. Bolur sívalur. Malir eru breiðar og vöðvafylltar, lærvöðvi vel lagaður og öflugur. Fætur ekki sverir en fótstaða rétt. Þokki er fríður, vöðvafylltur og vel gerður hrútur.

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur og engin svört hár í ull. Ullarmagn í meðallagi, reyfið jafnt um allan búk. Togið jafnt og meðal gróft.

**Reynsla:** Þokki 01-878 vakti athygli lambshaustið fyrir fádæma þykkan og vel lagaðan bakvöðva í ómsjármælingu og góða gerð. Hann var í afkvæmarannsókn fimm kollóttra úrvalshrúta af Snæfellsnesi heima á Hjarðarfelli haustið 2002 þar sem yfirburðir hans voru miklir. Hann var með 141 í heildareinkunn þar sem ómmælingar hrútlamba voru notaðar en 142 hjá gimbrum. Einkunn úr kjötmatshluta var 146. Við skoðun lambhrúta undan Þokka undanfarin tvö haust hafa kostir afkvæma hans í þéttum holdum og jafnri gerð komið glöggt fram og synir hans mældust með langþykkastan bakvöðva af sonum kollóttu stöðvahrútanna haustið 2004.

Lítil reynsla er enn á Þokka sem ærföður en veturgamlar dætur hans sýndu mjög góða frjósemi vorið 2004.

**Litaerfðir:** Þokki er arfblendinn hvítur, gefur hreinhvítt, gefur tvílitt og mórautt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 46 | 84 | 20,0 | 108 | 30/3/3 (S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 90 | 103 | 25,0 | 121 | --/-/4 (S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 8,0 | 85,5 |

# Ægir

## frá Heydalsá (B.G.) Kirkjubólshreppi.

**Ætt:**

- Ægir 01-916
  - Byr 00-656
    - Hnykill 97-095 Broddanesi
    - 94-342 Broddanesi
  - 97-300
    - Þyrill 94-399
    - 93-161

97-300 var hálfsystir Dals 97-838.



01-916

| | Ægir 01-916 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 239 |
| | Þungi | 50 |
| | Fótleggur | 112 |
| | Læri | 16,8 |
| | Ull | 8,0 |
| | Ómvöðvi | 27,2 |
| | Ómfita | 3,5 |
| | Lögun | 3,6 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 45 |
| | Gerð | 118 |
| | Fita | 123 |
| | Heild | 121 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 46 |
| | Einkunn | 105 |
| DÆTUR | Afurðaár | 2 |
| | Frjósemi | -13 |
| | Einkunn | 98 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Lýsing:** Ægir er með fremur stuttan og fríðan haus, hálsinn þykkur og fyllir mjög vel að kúptum herðum. Bringubreidd í meðallagi en útlögur góðar. Bakið breitt og vel vöðvað og malir breiðar og vel holdfylltar. Lærvöðvinn þykkur og ákaflega vel lagaður. Fremur bollangur og kviðléttur. Mjög fríð kind á velli.

**Ullarlýsing EE:** Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Ullarmagn er í góðu meðallagi og reyfið jafnt. Togið hrokkið og fremur fínt.

**Reynsla:** Ægir var að gefa mjög góð sláturlömb heima á Heydalsá haustið 2002. Haustið 2003 var hann í stórri afkvæmarannsókn úrvalshrúta af Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni. Þar var hann ótvíræður annar af sigurvegurunum. Hann fékk 129 í einkunn úr sláturhluta en lömbin sem slátrað var undan honum snemma í september voru 17,6 kg að þyngd með 10,0 að meðaltali fyrir gerð úr kjötmati og 6,3 í fitumati. Dómur á lifandi lömbum undan Ægi var sömuleiðis ákaflega glæsilegur. Skoðun á feikistórum lambhrútahópi undan Ægi haustið 2004 staðfesti kosti hans. Synir hans voru áberandi þroskamiklir, föngulegir á velli og vel gerðir.

Vegna aldurs er Ægir nánast óreyndur sem ærfaðir en móðir hans er mjólkurlagin.

**Litaerfðir:** Ægir er arfhreinn hvítur- gefur hreinhvítt

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 60 | - | - | 116 | 30 / 5/3 (H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 107 | - | - | 121 | 37 / 6/3 (H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 85,5 |

# Langidalur

## frá Úthlíð, Skaftártungu







**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Hausinn er sver og þróttlegur. Ákaflega sver háls sem fellur mjög vel að sívölum en ekki útlögumiklum bolnum. Bakið er breitt og vel vöðvað. Malirnar breiðar og vel vöðvafylltar. Lærvöðvinn er vel lagaður og mikill. Gleið og mjög sterkleg fótstaða. Langidalur er feykilega bollangur og sterklegur hrútur auk þess að vera mjög gæfur og mannelskur.

| | Langidalur 01-931 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 112 |
| | Gerð | 111 |
| | Fita | 109 |
| | Heild | 110 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 96 |
| | Einkunn | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | 2 |
| | Frjósemi | -17 |
| | Einkunn | 98 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Fremur ullarmikill, reyfið jafnt og ullin meðalfín, þó örlítið votti fyrir grófu togi á baki. Þelið þykkt og mikið.

**Reynsla:** Langidalur 01-931 var einn af þeim úrvalshrútum sem athyglin beindist að þegar leit hófst að Dalssonum til að fylla sæti föður síns á stöðvunum. Hann hefur verið mikið notaður í Úthlíð og skilað þar mjög góðum sláturlömbum. Haustið 2003 voru tæplega 70 sláturlömb undan honum með 18 kg meðalfallþunga, fengu 9,2 að meðaltali fyrir gerð og 7,7 fyrir fitu úr kjötmatinu. Fullljóst er því að Langidalur gefur mikil kjötgæði hjá afkvæmum sínum.

Lítilsháttar reynsla er komin um dætur Langadals sem bendir eindregið til kosta hans sem slíks, dætur hans voru mjög frjósamar vorið 2004. Móðir hans hefur ekki verið frjósöm en er afburða mjólkurlagin með 8,2 afurðastig fyrir sjö afurðaár.

**Litaerfðir:** Langidalur er arfblendinn hvítur og erfir tvílit en mun ekki hafa erfðavísi fyrir mórauðan lit. Gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Lambhrútaskoðun og kynbótamat 2004

| Hyrndir hrútar | | Lambhrútaskoðun | | | | | | | | | | | | | Ómmæling | | | BLUP | | | Afdrif |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn | nr | Fjöldi | Þungi | Fótl. | Haus | H+h | B+Ú | Bak | Malir | Læri | Ull | Fætur | Samr. | Alls | Ómv. | Ómf. | Lögun | Fita | Gerð | Heild | 2004 |
| Sekkur | 97-836 | 15 | 51 | 113 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,2 | 8,3 | 16,8 | 7,7 | 8,0 | 8,3 | 81,7 | 27,7 | 3,9 | 3,6 | 105 | 115 | 109 | Fallinn |
| Lækur | 97-843 | 146 | 47 | 108 | 8,0 | 8,1 | 8,5 | 8,4 | 8,6 | 17,2 | 7,7 | 8,0 | 8,1 | 82,6 | 27,0 | 3,3 | 3,7 | 106 | 124 | 113 | Laugard. |
| Túli | 98-858 | 50 | 45 | 108 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,4 | 8,5 | 17,1 | 7,8 | 8,0 | 8,1 | 82,3 | 27,1 | 3,3 | 3,7 | 99 | 121 | 108 | Borgarn. |
| Ljómi | 98-865 | 121 | 47 | 109 | 8,0 | 8,1 | 8,4 | 8,4 | 8,4 | 17,1 | 7,9 | 8,0 | 8,1 | 82,3 | 28,0 | 3,7 | 3,7 | 101 | 114 | 106 | Fallinn |
| Stapi | 98-866 | 22 | 45 | 108 | 7,9 | 7,9 | 8,4 | 8,2 | 8,4 | 17,0 | 7,7 | 8,0 | 8,0 | 81,8 | 27,5 | 3,6 | 3,7 | 95 | 116 | 103 | Fallinn |
| Vinur | 99-867 | 41 | 46 | 110 | 8,0 | 8,2 | 8,4 | 8,3 | 8,5 | 16,9 | 7,9 | 8,0 | 8,1 | 82,1 | 27,8 | 3,4 | 4,0 | 96 | 133 | 111 | Fallinn |
| Kúði | 99-888 | 65 | 46 | 108 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,4 | 8,5 | 17,0 | 7,8 | 8,0 | 8,0 | 82,2 | 27,2 | 3,6 | 3,8 | 93 | 121 | 104 | Laugard. |
| Trassi | 99-925 | | | | | | | | | | | | | | | | | 86 | 130 | 104 | Laugard. |
| Áll | 00-868 | 253 | 47 | 111 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,4 | 8,5 | 16,9 | 7,8 | 8,0 | 8,2 | 82,0 | 28,4 | 3,1 | 3,9 | 125 | 114 | 121 | Laugard. |
| Lóði | 00-871 | 253 | 48 | 108 | 8,0 | 8,1 | 8,4 | 8,4 | 8,6 | 17,1 | 7,7 | 8,0 | 8,1 | 82,4 | 27,8 | 3,3 | 3,7 | 128 | 122 | 126 | Laugard. |
| Dóni | 00-872 | 40 | 47 | 109 | 8,0 | 7,9 | 8,4 | 8,3 | 8,5 | 16,9 | 7,9 | 8,0 | 8,1 | 81,9 | 26,5 | 3,4 | 3,7 | 113 | 110 | 112 | Fallinn |
| Eir | 00-881 | 80 | 46 | 110 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,3 | 8,4 | 16,9 | 7,8 | 8,0 | 8,2 | 81,9 | 28,2 | 3,5 | 3,9 | 96 | 121 | 106 | Laugard. |
| Moli | 00-882 | 169 | 48 | 110 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,4 | 8,5 | 17,0 | 7,7 | 8,0 | 8,0 | 82,1 | 28,3 | 3,0 | 3,8 | 109 | 121 | 114 | Laugard. |
| Rektor | 00-889 | 66 | 46 | 111 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,3 | 8,3 | 16,7 | 7,4 | 8,0 | 8,1 | 81,0 | 26,7 | 3,7 | 3,8 | 103 | 102 | 103 | Laugard. |
| Abel | 00-890 | 184 | 47 | 109 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,2 | 8,4 | 16,8 | 8,1 | 8,0 | 8,2 | 81,9 | 27,8 | 3,5 | 3,8 | 102 | 120 | 109 | Borgarn. |
| Dreitill | 00-891 | 233 | 47 | 108 | 8,0 | 8,1 | 8,5 | 8,4 | 8,6 | 17,2 | 7,7 | 8,0 | 8,1 | 82,5 | 27,2 | 2,9 | 3,8 | 107 | 125 | 114 | Borgarn. |
| Tímon | 00-901 | 77 | 47 | 109 | 7,9 | 8,1 | 8,4 | 8,4 | 8,5 | 17,0 | 7,8 | 8,0 | 8,1 | 82,2 | 27,7 | 3,2 | 3,7 | 123 | 117 | 121 | Laugard. |
| Spakur | 00-909 | 254 | 48 | 110 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,3 | 8,5 | 17,1 | 7,6 | 8,0 | 8,1 | 81,9 | 27,7 | 2,8 | 3,8 | 125 | 142 | 132 | Borgarn. |
| Otur | 00-910 | 74 | 45 | 110 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,2 | 8,4 | 16,8 | 7,8 | 8,0 | 8,1 | 81,5 | 27,5 | 3,5 | 3,7 | 102 | 128 | 112 | Borgarn. |
| Snúður | 00-911 | 83 | 48 | 111 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,3 | 8,5 | 16,9 | 7,9 | 8,0 | 8,2 | 82,0 | 27,8 | 3,3 | 3,7 | 103 | 122 | 111 | Borgarn. |
| Roði | 00-921 | | | | | | | | | | | | | | | | | 100 | 133 | 113 | Borgarn. |
| Toppur | 00-926 | | | | | | | | | | | | | | | | | 106 | 126 | 114 | Laugard. |
| Hylur | 01-883 | 302 | 47 | 110 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,6 | 8,6 | 17,1 | 8,0 | 8,0 | 8,1 | 82,8 | 29,0 | 3,0 | 4,0 | 134 | 111 | 125 | Borgarn. |
| Vísir | 01-892 | 159 | 47 | 107 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,6 | 17,3 | 8,0 | 8,0 | 8,1 | 82,8 | 28,6 | 3,7 | 3,9 | 92 | 137 | 110 | Fallinn |
| Seðill | 01-902 | 89 | 47 | 109 | 8,0 | 8,0 | 8,4 | 8,4 | 8,6 | 17,2 | 7,9 | 8,0 | 8,1 | 82,6 | 27,6 | 3,6 | 3,9 | 80 | 144 | 106 | Laugard. |
| Úði | 01-912 | 269 | 48 | 110 | 8,0 | 7,9 | 8,3 | 8,3 | 8,4 | 16,9 | 7,8 | 8,0 | 8,1 | 81,3 | 27,9 | 3,3 | 3,7 | 108 | 129 | 116 | Borgarn. |
| Eldar | 01-922 | | | | | | | | | | | | | | | | | 116 | 107 | 112 | Borgarn. |
| Vestri | 01-927 | | | | | | | | | | | | | | | | | 104 | 126 | 113 | Laugard. |
| Grímur | 01-928 | | | | | | | | | | | | | | | | | 100 | 138 | 115 | Laugard. |
| Kunningi | 02-903 | 128 | 45 | 107 | 8,0 | 8,1 | 8,4 | 8,4 | 8,6 | 17,2 | 7,8 | 8,0 | 8,1 | 82,6 | 27,8 | 3,5 | 3,9 | 95 | 148 | 116 | Fallinn |
| Gári | 02-904 | 221 | 47 | 109 | 8,0 | 8,1 | 8,4 | 8,5 | 8,6 | 17,2 | 7,8 | 8,0 | 8,1 | 82,6 | 27,9 | 3,0 | 3,9 | 129 | 126 | 128 | Borgarn. |
| Hækill | 02-906 | 30 | 46 | 109 | 8,0 | 8,1 | 8,5 | 8,4 | 8,6 | 17,1 | 7,9 | 8,0 | 8,1 | 82,6 | 28,0 | 3,6 | 3,8 | 109 | 125 | 115 | Laugard. |
| Frosti | 02-913 | 331 | 46 | 109 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 7,7 | 8,0 | 8,1 | 82,0 | 28,6 | 3,0 | 4,1 | 115 | 127 | 120 | Laugard. |
| Lómur | 02-923 | | | | | | | | | | | | | | | | | 120 | 124 | 122 | Borgarn. |
| Týr | 02-929 | | | | | | | | | | | | | | | | | 110 | 134 | 120 | Laugard. |
| Múli | 03-907 | 12 | 44 | 112 | 8,0 | 7,9 | 8,1 | 7,8 | 8,0 | 16,4 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 80,1 | 27,1 | 3,4 | 3,2 | | | | Fallinn |

| Kollóttir hrútar | | Lambhrútaskoðun | | | | | | | | | | | | | Ómmæling | | | BLUP | | | Afdrif |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn | nr | Fjöldi | Þungi | Fótl. | Haus | H+h | B+Ú | Bak | Malir | Læri | Ull | Fætur | Samr. | Alls | Ómv. | Ómf. | Lögun | Fita | Gerð | Heild | 2004 |
| Hnykkur | 95-875 | 15 | 49 | 111 | 7,9 | 7,9 | 8,0 | 8,2 | 8,4 | 16,8 | 8,1 | 8,0 | 8,1 | 81,6 | 26,8 | 4,0 | 3,7 | 103 | 115 | 108 | Fallinn |
| Sónar | 97-860 | 49 | 49 | 114 | 8,0 | 8,0 | 8,3 | 8,1 | 8,3 | 16,7 | 8,1 | 8,0 | 8,2 | 81,7 | 26,9 | 3,7 | 3,6 | 122 | 105 | 115 | Fallinn |
| Glæsir | 98-876 | 55 | 48 | 114 | 7,9 | 8,1 | 8,2 | 8,2 | 8,3 | 16,9 | 8,0 | 8,0 | 8,2 | 81,8 | 27,6 | 3,4 | 3,7 | 115 | 127 | 120 | Laugard. |
| Kostur | 98-895 | 55 | 48 | 111 | 7,9 | 8,0 | 8,3 | 8,2 | 8,5 | 16,9 | 8,0 | 8,0 | 8,1 | 81,9 | 27,3 | 3,9 | 3,5 | 96 | 118 | 105 | Fallinn |
| Hörvi | 99-856 | 21 | 47 | 110 | 7,9 | 8,2 | 8,3 | 7,9 | 8,3 | 16,8 | 8,2 | 8,0 | 8,2 | 81,8 | 26,6 | 3,5 | 3,7 | 99 | 113 | 105 | Fallinn |
| Arfi | 99-873 | 80 | 48 | 110 | 7,9 | 8,0 | 8,3 | 8,3 | 8,4 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,1 | 81,9 | 26,8 | 3,3 | 3,6 | 126 | 107 | 118 | Borgarn. |
| Boli | 99-874 | 4 | 46 | 109 | 7,9 | 8,3 | 8,5 | 8,4 | 8,6 | 17,4 | 8,1 | 8,0 | 8,0 | 83,1 | 26,5 | 3,1 | 3,5 | 105 | 121 | 111 | Laugard. |
| Snoddi | 99-896 | 62 | 50 | 113 | 7,9 | 8,0 | 8,3 | 8,0 | 8,3 | 16,9 | 8,2 | 8,0 | 8,1 | 81,7 | 26,0 | 3,0 | 3,5 | 122 | 110 | 117 | Fallinn |
| Farsæll | 99-898 | 3 | 49 | 111 | 7,8 | 8,2 | 8,3 | 8,0 | 8,5 | 17,0 | 8,2 | 8,0 | 8,2 | 82,2 | 27,2 | 3,3 | 3,8 | 111 | 112 | 111 | Fallinn |
| Partur | 99-914 | 156 | 49 | 111 | 7,9 | 8,0 | 8,3 | 8,2 | 8,4 | 16,9 | 8,0 | 8,0 | 8,2 | 81,9 | 27,7 | 3,6 | 3,6 | 110 | 131 | 118 | Borgarn. |
| Toppur | 00-897 | 41 | 46 | 110 | 7,9 | 7,9 | 8,2 | 8,2 | 8,4 | 16,8 | 8,0 | 8,0 | 8,1 | 81,6 | 27,3 | 3,5 | 3,7 | 103 | 115 | 108 | Fallinn |
| Snær | 00-915 | 31 | 50 | 113 | 7,9 | 8,0 | 8,2 | 8,0 | 8,4 | 16,7 | 8,3 | 8,0 | 8,2 | 81,7 | 26,7 | 3,6 | 3,5 | 116 | 109 | 113 | Borgarn. |
| Aladín | 00-917 | | | | | | | | | | | | | | | | | 90 | 124 | 104 | Borgarn. |
| Hnokki | 00-918 | | | | | | | | | | | | | | | | | 104 | 109 | 106 | Borgarn. |
| Glópur | 00-930 | | | | | | | | | | | | | | | | | 103 | 134 | 115 | Laugard. |
| Þokki | 01-878 | 93 | 46 | 112 | 7,9 | 8,0 | 8,1 | 8,2 | 8,3 | 16,7 | 8,1 | 8,0 | 8,2 | 81,6 | 28,2 | 3,7 | 3,6 | 112 | 111 | 112 | Laugard. |
| Sólon | 01-899 | 111 | 48 | 111 | 7,9 | 8,0 | 8,3 | 8,1 | 8,4 | 17,0 | 8,2 | 8,0 | 8,2 | 82,1 | 25,6 | 3,6 | 3,7 | 114 | 140 | 124 | Borgarn. |
| Ægir | 01-916 | 239 | 50 | 112 | 7,9 | 8,0 | 8,3 | 8,1 | 8,4 | 16,8 | 8,0 | 8,2 | 8,2 | 81,9 | 27,2 | 3,5 | 3,6 | 123 | 118 | 121 | Laugard. |
| Erpur | 01-919 | | | | | | | | | | | | | | | | | 130 | 121 | 126 | Borgarn. |
| Langidalur | 01-931 | | | | | | | | | | | | | | | | | 109 | 111 | 110 | Laugard. |
| Dímon | 01-932 | | | | | | | | | | | | | | | | | 132 | 124 | 129 | Laugard. |
| Kóngur | 02-920 | | | | | | | | | | | | | | | | | 112 | 113 | 112 | Borgarn. |
| Ormur | 02-933 | | | | | | | | | | | | | | | | | 121 | 96 | 111 | Laugard. |

**Fallnir hrútar-ástæður**

| | | |
|---|---|---|
| Hnykkur | 95-875 | Felldur v/aldurs |
| Sekkur | 97-836 | Felldur-ígerð í haus |
| Sónar | 97-860 | Felldur-fullnotaður |
| Ljómi | 98-865 | Þreifst ekki-lélegar tennur |
| Stapi | 98-866 | Felldur-fullnotaður |
| Kostur | 98-895 | Felldur-brjósthimnubólga |
| Snoddi | 98-896 | Felldur-liðabólgur |
| Farsæll | 98-898 | Felldur-bólgur í haus/sólstingur? |
| Hörvi | 99-856 | Felldur-fullnotaður |
| Vinur | 99-867 | Felldur-fullnot/grunur um bógkreppu |
| Dóni | 00-872 | Felldur-fullnotaður |
| Toppur | 00-897 | Felldur-fóðureitrun |
| Vísir | 01-892 | Drapst afvelta |
| Kunningi | 02-903 | Felldur-grunur um bógkreppu |
| Múli | 03-907 | Drapst-votheysveiki |

SS fremstir fyrir bragðið

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 47 | - | - | 110 | 26 / 3/3 (H) | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 16,5 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 81,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 74 | - | - | 120 | 29 / 6/3 (H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 16,5 | 9,0 | 8,0 | 8,0 | 81,5 |

# Dímon

## frá Stóru-Mörk 3, Vestur-Eyjafjöllum

**Ætt:**

- Dimon 01-932
  - Eir 96-840
    - Kópur 95-825 Smáhömrum
    - 92-658 Smáhömrum
  - 98-204
    - Skreppur 92-991
    - 89-223




| Dímon 01-932 | | |
|---|---|---|
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 75 |
| | Gerð | 124 |
| | Fita | 132 |
| | Heild | 129 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 87 |
| | Einkunn | 98 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Lýsing:** Dímon er hvítur og kollóttur. Hausinn er fríður. Herðarnar breiðar og holdfylltar, útlögurnar góðar. Kúptar og vöðvafylltar malir og áberandi kúptur og vel lagaður lærvöðvi. Harðgerður og fallegur hrútur á velli en fremur styggur.

**Ullarlýsing EE**: Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið hrokkið og jafnt, fremur fínt en ekki mjög langt. Ullin gljáandi.

**Reynsla:** Dímon 01-932 er fenginn á stöð á grundvelli einstakrar niðurstöðu úr kjötmati hjá sláturlömbum undan honum í Stóru-Mörk í samanburði við aðra hrúta búsins, en þar hét hann Eir. BLUP einkunn hans úr kjötmati er sú næstbesta sem nokkur hrútur í landinu fékk haustið 2004. Haustið 2003 voru rúmlega 60 sláturlömb undan honum með 17,2 kg meðalfallþunga og fengu 8,6 að meðaltali fyrir gerð og 6,9 fyrir fitu.

Dímon er enn lítt reyndur sem ærfaðir en ungar dætur hans lofa góðu sem afurðaær. Móðir hans hefur þrisvar á fimm árum verið tvílembd og hefur 5,3 afurðastig fyrir fjögur afurðaár.

**Litaerfðir:** Dímon er arfhreinn hvítur. Gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 48 | 86 | 20,5 | 114 | 30 / 3/4 (S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2003 | 97 | 101 | 25,0 | 123 | 33 / 5/4 (S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 17,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | 85,5 |

# Ormur

## frá Heydalsá (Halldóru og Guðjóni), Steingrímsfirði

**Ætt:**

- Ormur 02-933
  - Ómsson 01-745
    - Ómur 00-662
    - 97-350
  - 99-436
    - Bylur 98-562
    - 97-322




FFF: Sónar 97-860, Bylur 98-562 var hálfbróðir Dals 97-838, Kosts 98-895 og Klængs 97-839.

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Hausinn fríður og þróttlegur. Holdugur, stuttur og sver háls. Bringan djúp og herðarnar prýðilegar en útlögur í tæpu meðallagi. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Mjög breiðar og vel vöðvaðar malir. Læraholdin

# New Holland TL-A dráttarvélin

**Ný vél frá New Holland sem hefur fengið frábærar viðtökur hjá íslenskum bændum. Byggð á grunni hinna vinsælu og lipru TL-dráttarvéla sem um árabil hafa verið mest seldu vélarnar á Íslandi.**

**Þessar vinsælu vélar bjóðast í 82- 91- eða 100 hö.**

Nýr 4,5 lítra mótor, kraftmikill með mikla snerpu og seiglu.
Samvinnuverkefni CNH, Iveco og Cummings.

Samhæfður gírkassi með val á:
- vökvavendigír og vökvamilligír 24+24
- eða samhæfðum vendigír 12+12.

Rúmgott og lágbyggt ökumannshús með 75,5 db hljóðeinangrun.
Frábær vinnuaðstaða, öll stjórntæki innan seilingar. Óheft útsýni frá ökumannssæti.

3ja hraða aflúrtal. 3 vökvaventlar.

Flotmiklir hjólbarðar 440/65R24 að framan og 540/65R34 að aftan.

Mjög vel búin dráttarvél sem hentar við allar aðstæður.

NEW HOLLAND





AUGLÝSINGAST. E. BACKMAN

Lágmúli 7 Reykjavík Sími: 588 2600 VÉLAVER HF www.velaver.is

mikil og öflug, vel lagaður og þykkur lærvöðvi. Sterk fótstaða og rétt. Ormur er fremur bollöng, ákaflega kviðlétt og öflug kind.

**Ullarlýsing EE:** Alhvítur og engin svört hár í ull. Mjög ullarmikill enda þelið mjög þykkt. Togið meðallangt og fremur fíngert, aðeins styttra í baki. Ákaflega ullarprúður.

**Reynsla:** Ormur 02-933 skilaði sérstaklega hagstæðu fitumati hjá sláturlömbum haustið 2003 heima á Heydalsá og var á grundvelli þess fenginn í afkvæmarannsókn úrvalshrúta af Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni haustið 2004. Þar sannaði hann greinilega að þangað hafði hann átt erindi. Mikið var af mjög glæsilegum lömbum undan honum þar. Meðalfallþungi sláturlambanna var 18,6 kg og var meðaltal í kjötmati fyrir gerð 9,2, og fyrir fitumatið 6,7.

| | Ormur 02-933 | |
|---|---|---|
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 32 |
| | Gerð | 96 |
| | Fita | 121 |
| | Heild | 111 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 36 |
| | Einkunn | 103 |
| ÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |

Ormur er vegna ungs aldurs alveg óreyndur sem ærfaðir. Móðir hans, 99-436, hefur þrisvar á fjórum árum verið tvílembd og er hún með 6,4 afurðastig fyrir þrjú afurðaár.

**Litaerfðir:** Ormur er arfblendinn hvítur og hann erfir tvílit en líklega er ekki að finna hjá honum erfðavísi fyrir mórauðum lit. Gefur hreinhvítt

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## FORYSTUHRÚTUR

# Blesi

### frá Vestaralandi, Öxarfirði. (fenginn inn á stöð frá Klifshaga I, Öxarfirði).

*Ætt:*

Blesi 98-884
- Hængur, Grímsst. á Fjöllum
  - Haukur, Hauksst. Vopnaf.
  - Bauga, Grímsst. á Fjöllum
- Kríma 87-798, Vestaralandi
  - Smirnoff 84-764, Hafrafellstungu II
  - Sigtúnagolta, Sigtúnum




**Lýsing:** Blesi er svarblesóttur með hvítan kraga og leista á öllum fótum. Hann er rólyndur og mjög þægilegur í umgengni. Hann mun vera nánast óskyldur forverum sínum úr hópi forystufjár sem hafa verið á sæðingastöðvunum undanfarin ár. Mörg afkvæma hans sýnt framúrskarandi forystueinkenni.

**Litaerfðir:** Reynslan sýnir að Blesi getur gefið mjög fjölbreytta liti.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.





Yara áburður

einkorna gæðaáburður á sama verði um land allt



Einkorna áburður:
Hvert einstakt korn inniheldur öll þau næringarefni sem eru í viðkomandi áburðartegund.

Sláturfélag Suðurlands svf. ▪ Fosshálsi 1 ▪ IS-110 Reykjavík
Sími: 575 6000 ▪ Fax: 575 6090 ▪ www.yara.is

# Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Vesturlands árið 2004 - 2005
## HYRNDIR HRÚTAR:

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 83 | 105 | 24,0 | 122 | 33/5/-(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 82.5 |

# Túli
### frá Leirhöfn á Sléttu.

98-858



**Ætt:**

- Túli 98-858
  - Garpur 92-808
    - Hrókur 88-198 Lækjarhúsum
    - Varta 89-829 Lækjarhúsum
  - 93-008
    - Fóli 88-911
    - 87-046

MMFF: Hnoðri 83-883.

**Lýsing:** Túli er hvítur, gleiðhyrndur með fremur fíngerð horn. Hausinn er stuttur og sver með breitt enni, háls stuttur og sver, herðar fremur breiðar og holdfylltar en örlítið slöður aftan við bóga, brjóstkassinn hvelfdur. Bak breitt, sterkt og mjög vel holdfyllt, malir breiðar, fremur stuttar en ágætlega holdfylltar, hvelfdur, þykkur og mikill lærvöðvi. Fætur eru réttir og fótstaða góð.
**Ullarlýsing KA:** Gulur á haus, í hnakka og á fótum en engar illhærur á bol, laus við svört hár. Ullin mikil, fíngerð framan til en mun grófari á mölum.
**Reynsla:** Túli var tekinn á stöð að fengnum mjög glæsilegum niðurstöðum úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta í N-Þingeyjarsýslu í Holti haustið 2000 þar sem hann stóð á toppi með 119 í heildareinkunn. Lömb undan honum úr sæðingum undanfarin fjögur haust hafa staðfest hann sem mikla kynbótakind með tilliti til kjötgæða. Lömbin láta yfirleitt fremur lítið yfir sér en eru frábærlega þéttvaxin með þykkan vel lagaðan bakvöðva og hafa feikilega mikla vöðvafyllingu í mölum og lærum sem gefur ákaflega gott kjötmat fyrir gerð. Undanfarin haust hafa nokkrir allra athyglisverðustu lambhrútar sem til skoðunar komu á landinu verið afkomendur Túla. Margir synir hans hafa vakið athygli fyrir mjög góðar kjötmatsniðurstöður sláturlamba undan þeim og synir hans og aðrir afkomendur eru komnir til notkunar á stöðvunum. Veruleg reynsla er komin um dætur hans sem sýnir að það eru dugandi afurðaær. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að Túli er einn af fáum hrútum á stöðvunum sem hefur verndandi arfgerð vegna riðusmits.
**Litaerfðir:** Túli er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.

| | Túli 98-858 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 285 | 180 | 75 | 50 |
| | Þungi | 46 | 46 | 46 | 45 |
| | Fótleggur | 112 | 111 | 109 | 108 |
| | Læri | 16,6 | 16,6 | 16,8 | 17,1 |
| | Ull | 7,7 | 7,8 | 7,8 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,1 | 26,2 | 27,0 | 27,1 |
| | Ómfita | 3,1 | 3,3 | 3,1 | 3,3 |
| | Lögun | 3,6 | 3,6 | 3,6 | 3,7 |
| KJÖTMAT | | | | | BLUP |
| | Fjöldi | | | | 1360 |
| | Gerð | | | | 121 |
| | Fita | | | | 99 |
| | Heild | | | | 108 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA | | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | | 2235 |
| | Einkunn | | | | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | | 674 |
| | Frjósemi | | | | +7 |
| | Einkunn | | | | 107 |

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 44 | 82 | 19,5 | 108 | 32/2/5(H) | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | 8,5 | 17,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 85,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 82 | 102 | 26,0 | 116 | 39/4/5(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 87,0 |

# Abel
### frá Ósabakka (J.H.), Skeiðum.

**Ætt:**

- Abel 00-890
  - Amor 94-814
    - Fóli 88-911
    - Hringja 91-213 Mávahlíð
  - Þjappa 96-511
    - Leví 95-688 Reykjahlíð
    - Peysa 89-419

MFF: Kokkur 85-870, MFMF: Fóli 88-911.



00-890

**Lýsing:** Hvítur, sverhyrndur. Vel holdfylltur um herðar með sívalan brjóstkassa. Breitt og þykkt bak. Langar, feikilega vel vöðvafylltar malir. Gífurlega þykkur og kúptur lærvöðvi. Góð fótstaða. Bollöng glæsikind.

| | Abel 00-890 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 107 | 184 |
| | Þungi | 48 | 47 |
| | Fótleggur | 108 | 109 |
| | Læri | 16,9 | 16,8 |
| | Ull | 8,1 | 8,1 |
| | Ómvöðvi | 27,3 | 27,8 |
| | Ómfita | 3,3 | 3,5 |
| | Lögun | 3,6 | 3,8 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 330 |
| | Gerð | | 120 |
| | Fita | | 102 |
| | Heild | | 109 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 384 |
| | Einkunn | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 31 |
| | Frjósemi | | -3 |
| | Einkunn | | 104 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullin er mjög mjúk. Þel jafnt, togið mjög fínt og mjúkt en fremur stutt. Ekki fundust svört hár.

**Reynsla:** Abel vakti mikla athygli veturgamall þegar hann var dæmdur besti einstaklingur meðal veturgamalla hrúta á Suðurlandi haustið 2001. Þá skilaði hann ákaflega athyglisverðum lömbum heima á Ósabakka. Haustið 2002 var hann síðan í afkvæmarannsókn úrvalshrúta úr Árnessýslu í Háholti þar sem hann var ótvíræður sigurvegari. Heildareinkunn þar sem byggir á skoðun hrútlamba var 128 en hjá gimbrum 124. Einkunn úr kjötmatshluta var 139. Lömb undan honum eru ákaflega jafnvaxin með þykkan bakvöðva og mjög góð lærahold og stór hluti þeirra hreinhvít.

Fjöldi lambhrúta hefur komið til skoðunar um allt land undan Abel haustin 2003 og 2004. Þetta hafa verið mjög vel gerð lömb, örlítið breytilegri en undan sumum hinna stöðvahrútanna en margir miklir toppar þeirra á meðal.

Abel er ekki enn kominn með mikla reynslu sem ærfaðir en sú reynsla sem komin er bendir til að hann sé öflugur ærfaðir, ærnar bæði frjósamar og mjólkurlagnar og elstu dætur hans heima á Ósabakka fá mikið lof sem úrvalsmæður.

**Litaerfðir:** Abel er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 44 | 80 | 19,5 | 104 | 30/2/5(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 84 | 107 | 26,0 | 111 | 37/3/4(H) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 86,0 |

# Dreitill

## frá Oddgeirshólum, Hraungerðishr.

*Ætt:*

Dreitill 00-891
- Lækur 97-843
  - Garpur 92-808
  - Spóla 93-987 Lækjarhúsum
- Fló 98-853
  - Stubbur 95-815
  - 96-645

MMFF: Bossi 88-952.




| | Dreitill 00-891 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 99 | 233 |
| | Þungi | 47 | 47 |
| | Fótleggur | 108 | 108 |
| | Læri | 17,1 | 17,2 |
| | Ull | 7,6 | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 28,0 | 27,2 |
| | Ómfita | 3,0 | 2,9 |
| | Lögun | 3,8 | 3,8 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 321 |
| | Gerð | | 125 |
| | Fita | | 107 |
| | Heild | | 114 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 407 |
| | Einkunn | | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 24 |
| | Frjósemi | | -15 |
| | Einkunn | | 94 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Sver og fríður haus. Breiðar holdfylltar herðar, örlítið slöður aftan við herðar. Ákaflega sívalur brjóstkassi. Mjög góð bak- og malahold. Þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Mjög góð fótstaða. Sérlega þéttvaxin og fönguleg kind á velli.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus, fótum og í hnakka. Mikið af gulum hárum aftan til í reyfi og á mölum. Áberandi svört doppa aftarlega í baki. Ullarmagn í meðallagi. Tog stutt ofan til og í meðallagi gróft.

**Reynsla:** Dreitill vakti athygli veturgamall þegar hann var dæmdur þriðji besti veturgamli hrúturinn í Árnessýslu. Hann var síðan í afkvæmarannsókn úrvalshrúta í sýslunni í Háholti 2002. Á grundvelli hennar og lambaskoðunar heima í Oddgeirshólum þótti sýnt að þar færi hrútur sem ætti fullt erindi til víðtækrar notkunar. Skoðun lambhrúta undan honum úr sæðingum einkum síðastliðið haust staðfestir að Dreitill skilar mörgum fádæma glæsilegum afkvæmum að gerð.

Sú takmarkaða reynsla sem komin er um dætur Dreitils úr skýrslum fjárræktarfélaganna gefur ekki vísbendingar um hann sem kynbótahrút sem ærföður, en öflugt ætterni hans í þeim efnum gefur samt fyrirheit um slíkt.

**Litaerfðir:** Dreitill er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 45 | 83 | 20,0 | 110 | 29/3/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 85 | 101 | 24,0 | 123 | 31/4/5(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |

# Spakur

## frá Arnarvatni, Mývatnssveit,(keyptur frá Vagnbrekku, Mývatnssveit).




**Ætt:**

- Spakur 00-909
  - Lækur 97-843
    - Garpur 92-808
    - Spóla 93-987 Lækjarhúsum
  - Þula 97-362
    - Lúður 95-560
    - Staka 91-146

MMFF: Smári 78-990.

**Lýsing:** Hvítur, svipfríður og vel hyrndur. Gríðarlega sver háls, kúptar herðar og sívalur bolur. Þykkt bak og kúptar vel vöðvaðar malir. Þykkur og ákaflega vel lagaður lærvöðvi. Vel í meðallagi bollangur og kviðléttur.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum og talsvert gulkuskotinn á aftari hluta skrokksins. Engin svört hár í ull fundust. Ullarlítill með þunnt þel og mjög lítið tog, en ullin mjög mjúk.

| | Spakur 00-909 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 254 |
| | Þungi | 48 |
| | Fótleggur | 110 |
| | Læri | 17,1 |
| | Ull | 7,6 |
| | Ómvöðvi | 27,7 |
| | Ómfita | 2,8 |
| | Lögun | 3,8 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 181 |
| | Gerð | 142 |
| | Fita | 125 |
| | Heild | 132 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 215 |
| | Einkunn | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | 17 |
| | Frjósemi | +3 |
| | Einkunn | 103 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Reynsla:** Strax veturgamall haustið 2001 vakti Spakur athygli fyrir feikilega hagstætt kjötmat hjá sláturlömbum undan honum. Sú reynsla var síðar enn betur staðfest hjá mun meiri fjölda lamba haustin 2002 og 2003. Þessar kjötmatsniðurstöður afkvæmanna skiluðu honum í efsta sæti í BLUP einkunn fyrir kjötmatsþætti af öllum hrútum landsins. Haustið 2004 var skoðaður mikill fjöldi lambhrúta undan honum um allt land, sem renndu enn styrkari stoðum undir það að hér fari hrútur með mikla kosti varðandi kjötgæði. Lærahold hjá afkvæmum hans eru fádæma mikil og synir hans mældust með afgerandi minni ómfitu en synir nokkurra annarra stöðvarhrúta.
Spakur hefur enn mjög takmarkaða reynslu sem ærfaðir en sú reynsla gefur vísbendingar um að dætur hans séu frjósamar en ögn breytilegar með mjólkurlagni.
**Litaerfðir:** Spakur er arfblendinn hvítur, en ekki þekkt að hann gefi mórauðan lit né tvílit.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

# Otur

## Frá Leirhöfn á Sléttu (keyptur frá Reistarnesi á Sléttu).




**Ætt:**

- Otur 00-910
  - Túli 98-858
    - Garpur 92-808
    - 93-008
  - 93-207
    - Steinn 89-225
    - 86-067

MFFF: Sveppur 78-821, MFMF: Lopi 84-917.

Heimtist seint lambsárið og var ekki skoðaður þá, skrópaði veturgamall á hrútasýningu.
**Lýsing:** Hvítur með fremur stuttan og fríðan haus, gleiðhyrndur með fremur fínleg horn. Stuttur háls og sver, en herðar aðeins í hærra lagi. Útlögur vel í meðallagi. Þykkt bak og vel vöðvaðar malir og þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Bollengd í meðallagi

| | Otur 00-910 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 74 |
| | Þungi | 45 |
| | Fótleggur | 110 |
| | Læri | 16,8 |
| | Ull | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,5 |
| | Ómfita | 3,5 |
| | Lögun | 3,7 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 320 |
| | Gerð | 128 |
| | Fita | 102 |
| | Heild | 112 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 250 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | 17 |
| | Frjósemi | +7 |
| | Einkunn | 103 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

og samsvarar sér ágætlega

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus, fótum og dindli og strjál gul hár á belg. Ekki fundust svört hár. Ull í meðallagi að magni, þelið þétt og togið fínt.

**Reynsla:** Otur sýndi strax veturgamall haustið 2001 mikla yfirburði í kjötmati hjá afkvæmum sínum en þá stóð hann langefstur hrútanna í Reistarnesi í afkvæmarannsókn og var með 149 í kjötmatshluta rannsóknarinnar. Haustið 2002 sýndi hann enn skýra yfirburði þó að ekki væru þeir jafn afgerandi og árið áður. Meðaltal úr mati um gerð var þá 9,3 á sláturlömbunum undan Otri. Haustið 2003 var hann í mjög umfangsmikilli afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu á Bjarnastöðum. Einkunn hans þar var 105 úr kjötmatshluta rannsóknar fyrir mjög væn lömb sem voru með 9,8 í mati á gerð og 8,7 úr fitumati. Mikið var af feikilega vel gerðum lömbum í afkvæmahópnum. Skoðun lambhrúta undan honum haustið 2004 rennir stoðum undir það að Otur gefur mjög góða gerð hjá afkvæmum sínum.

Otur hefur enn sem komið er hlotið takmarkaða reynslu sem ærfaðir en sú reynsla lofar samt góðu þar um.

Líkt og faðir hans hefur Otur mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.

**Litaerfðir:** Otur er arfhreinn hvítur

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 54 | 81 | 20,0 | 111 | 27/3/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 81,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 92 | 103 | 24,5 | 122 | 30/4/3(H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Snúður

## frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.

*Ætt:*

Snúður 00-911
- Prúður 94-834
  - Garpur 92-808
  - Snót 91-900 Lækjarhúsum
- 95-759
  - Illugi 94-452
  - 90-521

MFF: Fóli 88-911, MMFF: Sindri 80-834.




**Lýsing:** Hvítur með fremur stuttan og þróttlegan haus, hornin í grófara lagi. Sver háls en vottar fyrir grófleika um herðar. Bringan breið og útlögur góðar. Bak sterkt og vel holdfyllt og malir mjög breiðar og vel vöðvaðar. Lærvöðvinn mjög þykkur og vel lagaður og fyllir ágætlega í krikann. Böllengd í meðallagi. Hörkuleg kind.

| | Snúður 00-911 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 83 |
| | Þungi | 48 |
| | Fótleggur | 111 |
| | Læri | 16,9 |
| | Ull | 7,9 |
| | Ómvöðvi | 27,8 |
| | Ómfita | 3,3 |
| | Lögun | 3,7 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 146 |
| | Gerð | 122 |
| | Fita | 103 |
| | Heild | 111 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 180 |
| | Einkunn | 107 |
| DÆTUR | Afurðaár | 58 |
| | Frjósemi | 0 |
| | Einkunn | 103 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Örlítið gulur á fótum og nokkuð um gul hár á mölum. Ekki fundust svört hár. Ullarmagn í góðu meðallagi. Mikið gróft en hrokkið tog.

**Reynsla:** Snúður vakti athygli veturgamall þegar hann stóð efstur í afkvæmarannsókn hrútanna á Geirmundarstöðum með 125 í heildareinkunn en þar fékk hann harða keppni frá tveimur hálfbræðrum. Sérstaka athygli vöktu feikilega mikil lærahold hjá afkvæmum hans. Haustið 2002 var kjötmat sláturlamba undan honum einnig mjög hagstætt. Talsverður hópur lambhrúta var skoðaður undan honum haustið 2004. Þetta voru um margt mjög þroskamikil og bollöng lömb með góða gerð og áberandi öflug lærahold. Fram komu örfá lömb með hvítum illhærum undan honum haustið 2004.

Sú reynsla sem komin er um dætur Snúðs bendir til að þær séu um meðllag með frjósemi en mjólkurlagnar.

Rétt er að vekja athygli á því að Snúður er einn af fáum hrútum á stöðvunum sem hefur verndandi arfgerð vegna riðuveiki.

**Litaerfðir:** Snúður er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 46 | 81 | 20,0 | 111 | 33/4/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 82 | 109 | 24,0 | 118 | 33/5/3(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |

# Roði

## frá Sveinungsvík, Þistilfirði (keyptur frá Sauðanesi á Langanesi).

*Ætt:*

Roði 00-921

Lækur 97-843 — 97-723

Garpur 92-808 — Spóla 93-987 Lækjarhúsum — 96-092 — 95-525



00-921

Roði er tvílembingsbróðir Leka 00-880

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með fríðan og þróttlegan haus. Stuttur og sver háls, breiðar og holdfylltar herðar. Miklar og góðar útlögur. Ákaflega sterkur afturpartur með mikilli og þykkri vöðvafyllingu í baki, mölum og lærum. Fótstaða sterkleg og gleið. Roði er jafnvaxinn, fríður og föngulegur á velli. Ákaflega rólyndur og gæfur.

**Ullarlýsing EE:** Koparlitur í hnakka, kolóttur á haus og fótum. Aðeins um gul hár í reyfi aftan til, þó ekki áberandi. Ekki fundust svört hár. Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur ójafnt og gróft.

| | Roði 00-921 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 129 |
| | Gerð | 133 |
| | Fita | 100 |
| | Heild | 113 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 178 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 39 |
| | Frjósemi | +8 |
| | Einkunn | 103 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Reynsla:** Roði var keyptur sem lambhrútur að Sauðanesi en hann er tvílembingsbróðir þess þekkta kynbótahrúts Leka 00-880. Strax má taka fram að í eigin útliti og einkennum afkvæma hans sjást meiri líkindi með föður en bróður. Roði hefur verið í afkvæmarannsóknum heima á Sauðnesi og hefur þar ætíð sýnt ótrúlega mikla yfirburði umfram aðra hrúta á búinu. Í ómvöðvamælingum hafa yfirburðir hans ætíð verið mjög miklir og einnig í mati fyrir gerð í kjötmati en niðurstöður úr fitumati verið talsvert breytilegri á milli ára. Haustið 2001 og síðan aftur haustið 2003 náði hann þeim einstaka árangri að fá um 155 í heildareinkunn í slíkri afkvæmarannsókn með jafna niðurstöðu um báða þætti í rannsókn. Roði var síðan haustið 2004 í rannsókn úrvalshrútanna í Norður-Þingeyjarsýslu. Í þeirri rannsókn kom hann út um meðaltal í heildareinkunn. Lömbin voru mjög jöfn og vel gerð og mældust með góðan bakvöðva en fitumat var í slöku meðallagi í samanburði hrúta í rannsókninni. Roði hafði einnig talsvert verið notaður á fleiri búum í héraðinu og kom til skoðunar talsverður fjöldi mjög góðra hrútlamba undan honum.

Nokkur reynsla er kominn á Roða sem ærföður. Hann sýnist gefa frjósamar dætur eins og hann á kyn til en mjólkurlagni þeirra er ekki umfram meðallag.

**Litaerfðir:** Roði er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 43 | 81 | 19,0 | 112 | 28/2/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 16,5 | 9,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 88 | 105 | 25,0 | 121 | 34/3/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | 85,5 |

# Hylur

## frá Hesti, Borgarfirði

*Ætt:*

Hylur 01-883

Áll 00-868 — 96-399

Lækur 97-843 — 97-455 — Hörvi 92-972 — 94-093



01-883

**Lýsing:** Hylur er hreinhvítur, hyrndur. Haus fríður. Hann er vel holdfylltur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak og malir ákaflega vel vöðvafyllt. Lærvöðvi stinnur og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Hylur er bollangur, frísklegur og áberandi harðholda hrútur.

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur og engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið meðal fínt, jafnt nema heldur styttra í baki.

| | Hylur 01-883 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 315 | 302 |
| | Þungi | 47 | 47 |
| | Fótleggur | 112 | 110 |
| | Læri | 16,9 | 17,1 |
| | Ull | 8,0 | 8,0 |
| | Ómvöðvi | 28,8 | 29,0 |
| | Ómfita | 2,8 | 3,0 |
| | Lögun | 3,9 | 4,0 |
| KJÖTMAT | | | BLUP |
| | Fjöldi | | 514 |
| | Gerð | | 111 |
| | Fita | | 134 |
| | Heild | | 125 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 969 |
| | Einkunn | | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 11 |
| | Frjósemi | | -1 |
| | Einkunn | | 101 |

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

**Reynsla:** Hylur 01-883 var valinn úr hópi veturgömlu hrútanna á fjárræktarbúinu á Hesti haustið 2002 þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar lágu fyrir. Yfirburðir hjá Hyl voru í því að afkvæmi hans voru fituminni en undan öðrum hrútum um leið og gerð þeirra var góð. Meðalfallþungi lambanna undan honum í rannsókninni var 15,8 kg. Leiðrétt meðaltal fituþykktar var 6,2 mm þegar meðaltal rannsóknar var 7,1 mm og það kom fram í að meðaltal fituflokkunar var aðeins tæpir 5 en meðaltal fyrir gerð 8,6. Feikilegur fjöldi lambhrúta undan honum var skoðaður haustin 2003 og 2004 og síðara haustið voru synir hans með þykkastan ómvöðva og stiguðust hæst af sonum allra stöðvahrúta. Þessi mikli fjöldi afkvæma hans gefur tilefni til að ætla að Hylur sé jafnvel enn meiri yfirburðagripur um kjötgæði en afkvæmarannsóknin haustið 2002 gaf tilefni til að ætla.
Vegna ungs aldurs er Hylur enn með takmarkaða reynslu sem ærfaðir en þær takmörkuðu niðurstöður um dætur hans sem eru fyrir hendi gefa ástæðu til að ætla að hann reynist einnig vel sem slíkur.

**Litaerfðir:** Hylur er arfhreinn hvítur. Gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

---

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | 98 | 110 | 24,5 | 124 | 42/6/4(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 86,5 |

# Úði

## frá Sveinungsvík, Þistilfirði.




**Ætt:**

- Úði 01-912
  - Leki 00-880
    - Lækur 97-843
    - 97-723
  - 97-733
    - Hnykkur 91-958
    - Næla 91-104

**Lýsing:** Hvítur með sveran og þróttlegan haus, gróf og kröpp horn. Örlítið háar herðar og feikilega breið bringa og miklar útlögur. Breitt og þykkt bak og langar, breiðar, mjög vel vöðvaðar malir. Fádæma þykkur, kúptur og vel lagaður lærvöðvi. Mjög bollangur með gríðargott samræmi í gerð.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum en lítið um gul hár í ull. Engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt og togið fremur fínt. Hrokkin ull.

| | Úði 01-912 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 269 |
| | Þungi | 48 |
| | Fótleggur | 110 |
| | Læri | 16,9 |
| | Ull | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,9 |
| | Ómfita | 3,3 |
| | Lögun | 3,7 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 128 |
| | Gerð | 129 |
| | Fita | 108 |
| | Heild | 116 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 70 |
| | Einkunn | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | 9 |
| | Frjósemi | +34 |
| | Einkunn | 107 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Reynsla:** Veturgamall vakti Úði athygli fyrir eigin glæsileika, en hann var dæmdur besti veturgamli hrúturinn í Norður-Þingeyjarsýslu haustið 2002. Hann skilaði athyglisverðum sláturlömbum heima í Sveinungsvík haustið 2002 og var síðan í mjög stórri afkvæmarannsókn á Bjarnastöðum haustið 2003. Þar fékk hann 138 í einkunn í kjötmatshluta rannsóknarinnar með 9,4 að meðaltali úr mati um gerð og 7,9 í fitumati en meðalfallþungi lambanna undan honum var 16,4 kg. Haustið 2004 var skoðaður feikilegur fjöldi sona hans vítt um land sem sýndu góðan þroska og mjög góða gerð, þykka vöðva og takmarkaða fitu.
Lítil reynsla er komin enn á Úða sem ærföður en dætur hans hafa til þessa verið með afbrigðum frjósamar og skilað vænum lömbum þannig að sú reynsla er öll mjög jákvæð.

**Litaerfðir:** Úði er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 50 | 82 | 20,0 | 108 | 27/2/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 87 | 105 | 25,0 | 120 | 33/5/3(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Eldar

## frá Hrísholi, Eyjafirði.




*Ætt:*

- Eldar 01-922
  - Leiri 00-645
    - Bolli 99-643
    - 97-725
  - Ófríð 00-768
    - Lopi 98-642
    - 95-684

FFF: Ljóri 95-828, MMF: Klettur 89-930, FMFF: Gosi 91-945.

| Eldar 01-922 | | |
|---|---|---|
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 93 |
| | Gerð | 107 |
| | Fita | 116 |
| | Heild | 112 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 63 |
| | Einkunn | 94 |
| DÆTUR | Afurðaár | 6 |
| | Frjósemi | +33 |
| | Einkunn | 106 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Skarpleitur með fremur þröngan hornagarð. Breiðar og ákaflega holdfylltar herðar, útlögur fádæma miklar. Bringan breið. Sterkt og kúpt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Lærvöðvinn feikilega breiður og þykkur. Sterkleg fótstaða og gleið. Bollöng og hörkuleg kind.

**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á haus og fótum en engin gul hár í reyfi. Engin svört hár fundust. Fremur ullarþunnur og ullin gisin. Togið í meðallagi langt og ríflega meðalgróft.

**Reynsla:** Eldar er fenginn á stöð á grundvelli reynslu hans sem lambafaðir á heimabúi. Með honum kemur fram hrútur sem er aðeins fjarskyldur öflugustu hrútalínunum meðal hyrndu hrútanna á stöðvunum. Í framættum standa að baki Eldari fjöldi þekktra sæðingahrúta síðustu þriggja áratuga og gætir þar mest Hestshrúta, sérstaklega Stramma 83-833 og Kokks 85-870. Eldar var mikið notaður strax lambsveturinn og átti haustið eftir (haustið 2002) samtals 67 sláturlömb með kjötmatsupplýsingar. Þessi lömb höfðu að meðaltali 17,9 kg fallþunga og voru með 9,1 að meðaltali fyrir gerð og meðaltal úr fitumati var 7,0. Síðan hafa lömb undan honum sýnt hliðstæðar niðurstöður úr kjötmati.

Eldar er ekki mikið reyndur sem ærfaðir en sú takmarkaða reynsla lofar góðu. Móðir hans Ófríð 00-768 var tvílembd gemlingsárið, en síðan einu sinni einlembd. Afurðastig hennar er 3,4.

**Litaerfðir:** Eldar mun vera arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, lamb | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2003 | 81 | 103 | 25,0 | 118 | 31/3/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |

# Gári

## frá Hesti, Borgarfirði.




*Ætt:*

- Gári 02-904
  - Lonti 00-088
    - Lækur 97-843
    - 96-327
  - 00-861
    - Klaufi 99-067
    - 97-492

FMMF: Hörvi 92-972, MFF: Sekkur 97-836.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Svipfríður með fremur granna snoppu. Herðarnar vel holdfylltar og útlögur góðar. Þykkt bak og mikil malahold. Lærvöðvi þykkur og vel lagaður. Fríðleikskind með bollengd í góðu meðallagi.

**Ullarlýsing EE:** Koparrauður í hnakka og gulur á fótum. Ekki gult í reyfi. Svört doppa á herðum. Togið fínt og mjúkt en fremur stutt ofan til. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

**Reynsla:** Gári var í afkvæmarannsókn veturgömlu hrútanna á

Hesti haustið 2003 þar sem miklir kjötgæðaeiginleikar hans komu skýrt fram. Í mælingum á þykkt bakvöðva á lifandi lömbum voru afkvæmi hans undir meðaltali, en breytileiki í þeirri mælingu var meiri hjá afkvæmum hans en í mörgum öðrum afkvæmahópum. Í sláturhúsi fengu afkvæmi hans hæst lærastig eða 4,25, afkvæmi hans þau vænstu, meðalfallþungi 17,25 kg, meðaltal um gerð 10,3 og úr fitumati 6,1 þar sem meðaltal fyrir rannsóknina var 9,9 og 6,4. Yfirburðir í mati bæði um gerð og fitu því skýrir. Mjög mikill fjöldi sona hana sem skoðaður var um allt land haustið 2004 staðfesti rækilega frábæra kjötgæðaeiginleika Gára.
Mjög takmörkuð reynsla er enn á Gára sem ærföður en fast að helmingur veturgamalla dætra hans á Hesti vorið 2004 voru tvílembdar og dætur hans skiluðu góðum lömbum að hausti.
**Litaerfðir:** Gári er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| | Gári 02-904 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 221 |
| | Þungi | 47 |
| | Fótleggur | 109 |
| | Læri | 17,2 |
| | Ull | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,9 |
| | Ómfita | 3,0 |
| | Lögun | 3,9 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 38 |
| | Gerð | 126 |
| | Fita | 129 |
| | Heild | 128 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 52 |
| | Einkunn | 94 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | 40 | - | - | 110 | 30/3/3(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2003 | 84 | 103 | 23,0 | 118 | 37/8/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |

# Lómur

## frá Sveinungsvík, Þistilfirði.

***Ætt:***

Lómur 02-923
- Lóði 00-871
  - Klaufi 99-067 Hesti
  - 97-940 Hesti
- 00-016
  - Túli 98-858
  - 96-621




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Hausinn er fíngerður. Vel holdfylltur um herðar, bolurinn sívalur. Holdgróið, kúpt og breitt bak. Ákaflega vel vöðvafylltar malir. Lærvöðvinn mjög þykkur og áberandi góður innanlærisvöðvi. Fótstaða góð. Gríðarlega harðholda og vel gerður hrútur.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum, mikið gult í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt og meðalfínt.
**Reynsla:** Lómur vakti verulega athygli veturgamall fyrir mjög hagstætt kjötmat sláturlamba undan honum sem BLUP mat hans er talandi dæmi um. Hann var því settur í afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu þar sem hann staðfesti rækilega kosti sína haustið 2004. Niðurstöður hans voru aðeins mismunandi á búunum tveimur sem rannsóknin var gerð á. Í Sveinungsvík var heildareinkunn hans 127 en á Snartastöðum 106. Í Sveinungsvík voru meðaltöl úr kjötmati sláturlamba undan honum 10,3 fyrir gerð og 6,0 fyrir fitu hjá lömbum með 15,6 kg meðalfallþunga. Á báðum búunum komu fram ákaflega vel gerðir og öflugir ásetningshrútar undan honum.
Vegna ungs aldurs er engin reynsla komin um Lóm sem ærföður. Móðir hans 00-016 hefur ætíð verið tvílembd og hefur 5,4 afurðastig fyrir tvö ár.
**Litaerfðir:** Lómur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| | Lómur 02-923 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 18 |
| | Gerð | 124 |
| | Fita | 120 |
| | Heild | 122 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 28 |
| | Einkunn | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2004 | 84 | - | - | 118 | 33/3/5(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Kuldi

## frá Hesti, Borgarfirði

**Ætt:**

- Kuldi 03-924
  - Frosti 02-913
    - Loppi 01-104
    - 98-568
  - 00-854
    - Klaufi 99-067
    - 95-268

MFF: Sekkur 97-836, móðir Kulda er hálfsystir Lóða 00-871.




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Hausinn fremur smágerður, aðeins snoppugrannur. Kúptar og vel fylltar herðar. Bolurinn sívalur og útlögur góðar. Kúpt og breitt bak. Breiðar og vel lagaðar malir með góða vöðvafyllingu. Lærvöðvinn vel lagaður og þykkur. Fótstaða góð. Jafnvaxinn og í meðallagi bollangur.

**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka og á fótum. Gul hár á mölum og aftan til í reyfi. Einn svartur blettur á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Togið stutt en fíngert. Reyfið jafnt.

**Reynsla:** Kuldi var valinn til notkunar á stöð á grundvelli afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2004. Afkvæmarannsókn hjá honum byggir því miður aðeins á niðurstöðum um 11 hrútlömb úr slátrun. Meðalfallþungi lambanna var 15,7 kg. Lömbin undan Kulda voru með einna hagstæðasta kjötmatið í rannsókninni en fyrir gerð var meðaltal 9,4 og fyrir fitu aðeins 5,5. Meðaltal fyrir lömbin undan honum í ómsjármælingum var um meðaltal rannsóknarinnar. Þessar niðurstöður benda eindregið til að hér sé komin fram á sjónarsviðið enn einn hrútur frá fjárræktarbúinu á Hesti sem sameinar mikla vöðvasöfnun og litla fitu.

Vegna aldurs er Kuldi alls óreyndur sem ærfaðir, en móðir hans, 00-854, var einlembd gemlingurinn en síðan tvílembd og er öflug afurðaær með 8,1 afurðastig fyrir þrjú framleiðsluár.

**Litaerfðir:** Kuldi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


Fáðu þér Fjallalamb!



Okkar kjöt er ekki dýrt,
ætlir þú að spara.
Girnilegt og gæðastýrt,
gómsæt lúxusvara.

Fjallalamb hf • 670 Kópaskeri • Sími: 465 2140
Fax: 465 2120 • fjallalamb@fjallalamb.is

## KOLLÓTTIR HRÚTAR

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 48 | 81 | 19,5 | 109 | 29/2/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 91 | 105 | 25,0 | 119 | 36/5/4(S) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Arfi

### frá Heydalsá (B.G.), Kirkjubólshr.

***Ætt:***

Arfi 99-873
- Óri 98-564
  - Arður 97-520
  - 95-251
- 94-191
  - Krókur 93-358
  - 91-101

FFFF: Skreppur 92-991, FMFF: Valur 90-934, MMFF. Moli 83-901




| | Arfi 99-873 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 130 | 51 | 80 |
| | Þungi | 48,2 | 49 | 48 |
| | Fótleggur | 113 | 109 | 110 |
| | Læri | 16,5 | 16,8 | 17,0 |
| | Ull | 8,0 | 8,0 | 8,0 |
| | Ómvöðvi | 26,0 | 27,5 | 26,8 |
| | Ómfita | 3,3 | 3,4 | 3,3 |
| | Lögun | 3,2 | 3,5 | 3,6 |
| KJÖTMAT | | | | BLUP |
| | Fjöldi | | | 434 |
| | Gerð | | | 107 |
| | Fita | | | 126 |
| | Heild | | | 118 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 732 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 166 |
| | Frjósemi | | | +12 |
| | Einkunn | | | 113 |

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Stuttur, fremur þróttlegur haus. Herðar kúptar, vel holdfylltar, bringa í meðallagi breið og sívalur bolur. Bakið sterkt. Malir mjög vel fyllt-ar. Fótstaða góð. Gríðarlega þykkur og mikill lærvöðvi. Mjög jafnvaxinn og snotur hrútur. **Ullarlýsing EE:** Kolóttur á haus og svartar dropur á eyrum. Gul hár nokkuð áberandi á afturhluta skrokksins. Ullarmikill. Tog fremur jafnt og ekki meira en í meðllagi um grófleika. Þykkt, gljáandi þel.

**Reynsla:** Arfi gaf afbragðsgóð sláturlömb heima á Heydalsá haustið 2000 og var síðan í afkvæmarannsókn á Húsavík haustið 2001 ásamt 12 öðrum hrútum. Á grundvelli þeirra niðurstaðna sem þar fengust var hann valinn til notkunar á stöð, en hann var að skila ákaflega þroskamiklum sláturlömbum sem höfðu feikilega hagstætt kjötmat. Skoðun á miklum fjölda lamba undan honum um allt land undanfarin þrjú haust hefur enn styrkt mynd hans sem öflugs kynbótahrúts með tilliti til kjötgæða.

Talsverð reynsla er komin á Arfa sem ærföður og er hún á þann veg að sem slíkur sé hann einnig ákaflega öflugur kynbóta-hrútur.

**Litaerfðir:** Arfblendinn hvítur - gefur hreinhvítt - erfir bæði mórauðan lit og tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 50 | 83 | 20,0 | 109 | 31/ 3/3 (S) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 86 | 108 | 25,0 | 119 | 35/ 5/3 (S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |

# Partur

### frá Steinadal, Broddaneshreppi.

***Ætt:***

Partur 99-914
- 97-133
  - Þyrill 94-399 Heydalsá
  - 94-203 Heydalsá
- 96-633
  - Valur 90-934
  - 90-005

97-133 var hálfbróðir Dals 97-838, MFFF: Valur 79-817.

**Lýsing:** Partur er með stuttan, sveran og svipmikinn haus. Hálsinn er sver, herðar kúptar, bringan vel breið og útlögur góðar. Bakið breitt og vel holdfyllt og malir vel vöðvaðar. Lærvöðvinn er þykkur og kúptur og ákaflega vel lagaður.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum og lítisháttar af gulum hárum í ull. Ullarmagn í meðallagi og reyfið jafnt. Togið stutt, fínt og mjúkt.

| | Partur 99-914 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 156 |
| | Þungi | 49 |
| | Fótleggur | 111 |
| | Læri | 16,9 |
| | Ull | 8,0 |
| | Ómvöðvi | 27,7 |
| | Ómfita | 3,6 |
| | Lögun | 3,6 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 281 |
| | Gerð | 131 |
| | Fita | 110 |
| | Heild | 118 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 435 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 88 |
| | Frjósemi | 0 |
| | Einkunn | 98 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Reynsla:** Partur vakti athygli fyrir feikilega hagstætt kjötmat hjá sláturlömbum undan honum. Hann var haustið 2003 í stórri afkvæmarannsókn úrvalshrúta á Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni. Þar komu kostir hans skýrt í ljós og skipaði hann efsta sæti hrútanna. Hann var þar með 145 í einkunn í kjötmatshluta rannsóknar og




var meðaltal úr fitumati sláturlamba sem að meðaltali voru 17,4 kg að þyngd aðeins 5,6. Heildareinkunn hans í rannsókninni var 132 hvort sem byggt var á skoðun hrúta eða gimbra. Skoðun margra lambhrúta undan Parti haustið 2004 sýndi greinilega að hann skilar mjög þroskamiklum og vel gerðum lömbum.
Sú reynsla sem komin er á Part sem ærföður bendir til þess að sem slíkur sé hann meðalhrútur.
**Litaerfðir:** Partur er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 53 | 82 | 19,5 | 109 | 24/3/3(S) | 8,0 | 8,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 17,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 82,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 83 | 99 | 24,0 | 115 | 27/8/3(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 16,5 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 81,5 |

# Snær

## frá Ásgarði, Hvammssveit.

*Ætt:*

Snær 00-915
- Dalur 97-838
  - Þyrill 94-399 Heydalsá
  - 92-134 Heydalsá
- 97-361
  - Valur 90-934
  - 90-521

MMFF: Skalli 81-873.




| | Snær 00-915 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 31 |
| | Þungi | 50 |
| | Fótleggur | 113 |
| | Læri | 16,7 |
| | Ull | 8,3 |
| | Ómvöðvi | 26,7 |
| | Ómfita | 3,6 |
| | Lögun | 3,5 |
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 100 |
| | Gerð | 109 |
| | Fita | 116 |
| | Heild | 113 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 94 |
| | Einkunn | 99 |
| DÆTUR | Afurðaár | 1 |
| | Frjósemi | -5 |
| | Einkunn | 99 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Lýsing:** Sver og ákaflega þróttlegur haus. Breiðar vel lagaðar herðar og miklar útlögur. Bakið sterkt og breitt og vel vöðvað. Malir breiðar og vöðvafylltar. Lærvöðvinn mikill og þykkur og fyllir vel í krikann. Nokkuð bollangur og fönguleg kind á velli.

**Ullarlýsing EE:** Alhvítur og engin svört hár. Fremur mikil ull, þelið þykkt en nokkuð togstuttur á baki en togið gróft í síðum.
**Reynsla:** Snær var í stórri afkvæmarannsókn veturgamall haustið 2001 heima í Ásgarði þar sem hann var efstur með 135 í heildareinkunn. Hann gaf góðan vöðva sem og góða gerð og litla fitu. Þessar niðurstöður hafa skýrt komið fram í lömbum undan honum síðan. Notkun á Snæ heima í Ásgarði var ætíð að mestu á hyrnda gemlinga. Skoðun lambhrúta undan honum haustið 2004 sýndi að vandalítið er að finna mjög góð hrútsefni undan honum.
Snær er óreyndur sem ærfaðir, móðir hans var frjósöm og mjólkurlagin en hún var felld haustið 2003.
**Litaerfðir:** Snær er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 37 | 79 | 18,0 | 106 | 22/4/3(S) | 8,0 | 8,0 | 7,5 | 7,5 | 8,5 | 16,0 | 7,0 | 8,0 | 8,0 | 78,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 71 | 99 | 24,5 | 119 | 26/6/3(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 7,5 | 7,5 | 16,5 | 7,0 | 8,0 | 7,5 | 79,0 |

# Aladín

## frá Fremri-Gufudal (Hafrós Huld Einarsdóttir), Gufudalssveit.




***Ætt:***

Aladín 00-917

- Gormur 99-513 Djúpadal
  - Botni Djúpadal
  - 93-096 Djúpadal
- Geitla 92-150
  - Broddi 85-892
  - 88-776

**Lýsing:** Svartbotnuflekkóttur, kollóttur. Fremur stuttur og fríður haus. Hálsinn stuttur og sver, feikilega góðar útlögur. Stuttar, holdfylltar og vel lagaðar malir. Ágæt lærahold. Jafnvaxin en bolstutt og fremur smávaxin kind.

| | Aladín 00-917 | |
|---|---|---|
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 92 |
| | Gerð | 124 |
| | Fita | 90 |
| | Heild | 104 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 128 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 16 |
| | Frjósemi | -10 |
| | Einkunn | 91 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Ullarmagn í tæpu meðallagi og þelið frekar þunnt, hrokkið en ójafnt. Togið mjög gróft. Svarti liturinn ójafn, tölu-vert um grá/ljós toghár.

**Reynsla:** Aladín er fyrst og fremst valinn á stöð til að auka framboð á góðum tvílitum hrútum þar. Hann var haustið 2003 í afkvæmarannsókn heimahrútanna í Fremri-Gufudal og stóð þar langefstur í kjötmatshluta rannsóknar með 125 í einkunn. BLUP einkunn sýnir að hann hefur skilað mjög góðri gerð hjá sláturlömbum. Afkvæmi hans eru mjög lágfætt en um leið fremur smávaxin. Aladín er blendingskind að uppruna, þannig að leyfi móðurætt slíkt mun hann gefa hyrnd afkvæmi.
Móðir hans, 92-150, var einstök afurðaær. Hún var einlembd gemlingurinn en síðan ætíð með tvö eða fleiri lömb þar af sjö ár af átta með þrjú lömb eða fleiri og átti alls 27 lömb á átta árum. Afurðastig hennar var 6,2. Ljóst er að hún var með Þokugenið en um leið ljóst að það hefur sonur hennar Aladín ekki erft og virðist sem dætur hans séu fremur undir meðaltali með frjósemi.
**Litaerfðir:** Ætla má að undan Aladín sé mögulegt að fá flesta íslenska sauðaliti vegna þess að hann er arfblendinn fyrir mórauðum lit, - gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


VirKon® S

ALHLIÐA SÓTTHREINSIEFNI

Frekari upplýsingar á www.antecint.com og hjá dýralækninum þínum.

FRAMLEIÐANDI:
Antec International
www.antecint.com

HEILDSÖLUDREIFING:
PharmaNor
Umboðsaðili á Íslandi:
PharmaNor hf.
Hörgatúni 2, 210 Garðabæ
Sími 535 7000

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 48 | 85 | 21,5 | 111 | 25/5/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 84,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 94 | 105 | 25,5 | 123 | 29/7/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 17,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |

# Hnokki

**frá Melum 1, Árneshreppi.**

*Ætt:*

- Hnokki 00-918
  - Stúfur 97-854
    - Hnífill 93-285 Bassastöðum
    - 90-218 Bassastöðum
  - Tanja 98-289
    - Bjartur 97-030
    - Táta 94-054




**Lýsing:** Hvítur kollóttur, svipfríður. Kúptar, vel fylltar herðar, breið bringa og ágætar útlögur. Breitt og sterkt bak. Breiðar vel vöðvaðar malir og þykkur vel lagaður lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Fótstaða er góð. Hnokki er bollangur, fríður hrútur sem samsvarar sér mjög vel. Hann er auk þess sérlega gæf og geðgóð kind.

| | Hnokki 00-918 | |
|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP |
| | Fjöldi | 85 |
| | Gerð | 109 |
| | Fita | 104 |
| | Heild | 106 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 88 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | 13 |
| | Frjósemi | +8 |
| | Einkunn | 104 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur, engin svört hár fundust, ullarmikill með mikið og þykkt þel. Togið hrokkið en fremur gróft og fremur stutt ofan til.

**Reynsla:** Hnokki (sem þá hét Þokki) var í afkvæmarannsókninni á Melum haustið 2002 þar sem hann stóð langefstur allra hrútanna með 133 í heildareinkunn, jafn fyrir báða þætti rannsóknar. Meðaltal sláturlamba undan honum úr mati um gerð var 9,3. Þá var tekin ákvörðun um að láta Stúfssyni bíða með stöðvarferð þar til einhver reynsla fengist um þá sem ærfeður. Öll ár síðan hefur Hnokki verið að skila mjög athyglisverðum lömbum.
Nokkur reynsla er fengin um dætur Hnokka og bendir hún til að hann gefi bæði frjósamar og mjólkurlagnar dætur. Móðir hans, Tanja 98-289, var einlembd gemlingurinn en síðan þrisvar tvílembd á fimm árum og skilað afbragðslömbum en hún er með 8,0 í afurðastig.
**Litaerfðir:** Hnokki er arfhreinn hvítur, - gefur hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

TRS
Penninn
Við þjónustum þig!
Eyravegi 37, 800 Selfoss. Sími: 480 3300
www.trs.is, trs@trs.is

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 51 | 82 | 20,0 | 110 | 22/5/4 (S) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 84,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | 85 | 102 | 24,0 | 119 | 27/7/4 (S) | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 17,5 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Sólon

## frá Kambi, Reykhólasveit.




*Ætt:*

Sólon 01-899
- Njörður 00-278
  - Depill 97-106 Gautsdal
  - Svala 91-803 Gautsdal
- Gimba 00-169
  - Dalur 97 838
  - Pyngja 97-039

FFF: Hnykill 95-820.

| | Sólon 01-899 | 2004 |
|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 111 |
| | Þungi | 48 |
| | Fótleggur | 111 |
| | Læri | 17,0 |
| | Ull | 8,2 |
| | Ómvöðvi | 25,6 |
| | Ómfita | 3,6 |
| | Lögun | 3,7 |
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 106 |
| | Gerð | 140 |
| | Fita | 114 |
| | Heild | 124 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 145 |
| | Einkunn | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | 7 |
| | Frjósemi | 0 |
| | Einkunn | 98 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Þróttlegur haus. Breiðar, fremur vel fylltar herðar og mjög víð bringa. Bakið breitt og í meðallagi þykkt. Malir mjög breiðar, kúptar og sérlega vöðvaðar. Lærvöðvi feikilega þykkur og ákaflega vel lagaður. Í meðallagi bollangur hrútur en fallegur á velli.

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur. Ekki fundust svört hár. Togið fremur fínt og hrokkið, þelið þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

**Reynsla:** Sólon vakti verulega athygli vegna feikilega góðrar niðurstöðu úr kjötmati hjá afkvæmum hans haustið 2002. Í afkvæmarannsókn heimahrútanna á Kambi var hann þeirra langhæstur, meðalfallþungi var 17,2 kg, meðaltal fyrir gerð í kjötmati 10,0 og 6,0 fyrir fitumatið og heildareinkunn 163. Þessar niðurstöður tryggðu honum eitt besta BLUP mat hrúta í landinu. Mælingar og skoðun á miklum fjölda sona hans víða um land haustið 2004 sýndi að bakvöðvaþykkt hjá hrútlömbum undan honum var talsvert minni en hjá sonum annarra stöðvahrúta. Þessir lambhrútar voru hins vegar að öðru leyti ákaflega vel gerðir með góð lærahold. Vitað er að undan Sóloni geta komið hyrnd lömb ef móðurættin leyfir slíkt.
Sólon er enn mjög lítt reyndur sem ærfaðir.

**Litaerfðir:** Sólon er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 48 | 87 | 20,0 | 112 | 30 / 3/4 (S) | 7,5 | 7,5 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2002 | - | 107 | 25,0 | 125 | - / -/- (S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 16,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 82,0 |

# Erpur

## frá Heydalsá (Ragnari og Braga) Steingrímsfirði.




*Ætt:*

Erpur 01-919
- Óri 98-564
  - Arður 97-520
  - 95-251
- 97-286
  - Þyrill 94-399
  - 95-231

Erpur er hálfbróðir Arfa 99-873 og 97-286 er hálfsystir Dals 97-838 og Kosts 98-895.

**Lýsing:** Hvítur, smáhníflóttur. Hausinn er þróttlegur, hálsinn sver og bringan breið þó aðeins vanti á fyllingu fyrir aftan herðar. Útlögur eru miklar. Bakið breitt og sterkt og malir breiðar og með góða vöðvafyllingu. Læraholdin góð. Réttir og sterkir fætur. Áberandi sterkleg, bollöng og fríð kind á velli.

| | Erpur 01-919 | |
|---|---|---|
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 71 |
| | Gerð | 121 |
| | Fita | 130 |
| | Heild | 126 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 78 |
| | Einkunn | 98 |
| DÆTUR | Afurðaár | 2 |
| | Frjósemi | +87 |
| | Einkunn | 105 |

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Ullarmikill og reyfið jafnt. Þelið þykkt og mikið en togið í meðallagi fínt en fremur stutt, einkum í baki.

**Reynsla:** Erpur var notaður heima á Heydalsá fyrstu tvö árin þar sem hann skilaði ákaflega hagstæðu kjötmati sláturlamba eins og BLUP mat hans staðfestir. Hann var síðan í stórri afkvæmarannsókn úrvalshrúta á Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni haustið 2004. Þar var hann með 116 í heildareinkunn hvort sem metið var á grunni hrúta eða gimbra. Lömbin undan honum voru mjög vel gerð. Sláturlömbin í rannsókninni voru með 17,7 kg meðalfallþunga og mat fyrir gerð var 9,6 að meðaltali og 6,8 fyrir fitu.

Erpur er lítt reyndur sem ærfaðir en dætur hans hafa sýnt mikla frjósemi. Móðir hans, 97-286, var mikil afurðaær, tvílembd gemlingurinn og ætíð síðan nema geld síðasta árið sem hún lífði. Hún var með 8,4 afurðastig fyrir fimm framleiðsluár.

**Litaerfðir:** Erpur er arfblendinn hvítur og hann erfir tvílit en ekki þekkt að hann hafi erfðavísi fyrir mórauðum lit, - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2003 | 99 | 102 | 24,5 | 123 | 31/7/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 83,5 |

# Kóngur

## frá Smáhömrum, Steingrímsfirði

*Ætt:*

Kóngur 02-920
- Kostur 98-895
  - Þyrill 94-399 Heydalsá
  - 95-280 Heydalsá
- 98-042
  - Ás 94-407
  - 95-231




**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Svipfríður. Breiðar, kúptar og vel holdfylltar herðar. Sívalur brjóstkassi en útlögur í meðallagi. Vel gerður afturpartur með góða vöðvafyllingu. Fótstaða góð. Ákaflega jafnvaxin og prúð kind.

| | Kóngur 02-920 | |
|---|---|---|
| | | BLUP |
| KJÖTMAT | Fjöldi | 23 |
| | Gerð | 113 |
| | Fita | 112 |
| | Heild | 112 |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
| LÖMB | Fjöldi | 20 |
| | Einkunn | 94 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur og engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi, reyfið jafnt um allan bol. Togið fremur stuttt, mjög fíngert og hrokkið.

**Reynsla:** Kóngur sýndi veturgamall heima á Smáhömrum mjög hagstætt kjötmat einkum um fitu og var á grundvelli þess fenginn í afkvæmarannsókn úrvalshrúta á Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni árið 2004. Þar voru kostir um kjötgæði afkvæma hans staðfestir. Hann var með 115 í heildar-einkunn úr rannsókninni, með jafna útkomu úr báðum þáttum rannsóknar. Sláturlömbin undan honum voru með 17,7 kg meðalfallþunga, meðaltal úr gerðarmati í kjötmati var 9,1 og fitumat að meðaltali 6,4. Kóngur gefur ákaflega jafnvaxin og vel gerð lömb.

Engin reynsla er fengin á Kóng sem ærföður vegna ungs aldurs en ætterni hans gefur fögur fyrirheit í þeim efnum. Móðir hans, 98-042, var einlembd gemlingsárið en síðan tvílembd og er með 5,9 í afurðastig fyrir fimm afurðaár.

**Litaerfðir:** Kóngur er arfhreinn hvítur, - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Leifur

### frá Leifsstöðum

*Ætt:*

- Leifur 02-900
  - Gjafar 01-174 Klifshaga
    - Blesi 98-884
    - 95-506 Klifshaga
  - Sinnep 94-757
    - Kengur Flögu
    - Mallý 87-373




MMM: Gamla-Bauga var fædd 1978, lógað 1995 og var hún undan á sem fædd var 1964 og lógað 1978.

**Lýsing:** Leifur er svartbaugóttur, fremur krapphyrndur. Hausinn er langur og snoppan grönn. Leifur hefur flest vaxtarlagseinkenni forystuhrúts. Hann er sökum ungs aldurs óreyndur sem forystuhrútur en virðist rólegur og greindarlegur í fasi. Lætur vel að stjórn sé hann teymdur. Leifur er kominn af kunnu forystufé langt aftur í ættir.

**Litaerfðir:** Útlit og ætterni bendir til að Leifur gefi fjölbreytta liti hjá afkvæmum.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits**: Verndandi.

**Hrútaskráin er á www.buvest.is**

Kaupfélag Skagfirðinga

Sauðfjárbændur!

Kjötafurðastöð KS er öflug afurðarstöð, sem leitast við að þjóna sauðfjárbændum með slátrun og afurðasölu. Þökkum bændum um land allt viðskiptin í haust.

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga
Sauðárkróki.

Til minnis